


# ÁRSSKÝRSLA 2000

RÍKISSSKATTSTJÓRI





ÁRSSKÝRSLA  
2000

**RSK**  
RÍKISSKATTSTJÓRI

---

# REKSTUR RSK

Embætti ríkisskattstjóra á árinu 2000 gegndi Indriði H. Þorláksson. Ákvarðanir um framkvæmd þeirra verkefna sem RSK eru falin samkvæmt lögum og stjórnvaldsfyrirmælum eru teknar af ríkisskattstjóra og yfirstjórn embættisins. Í henni eiga sæti, auk ríkisskattstjóra, vararíkisskattstjóri, forstöðumenn stjórnunarskrifstofu, skattaskrifstofu, gjaldaskrifstofu og eftirlitsskrifstofu.

Ríkisskattstjóri er ábyrgur gagnvart fjármálaráðherra fyrir rekstri embættisins.

## Ársreikningur RSK 2000

### Rekstrarreikningur fyrir árið 2000

Gjöld:	þ.kr.
Rekstrargjöld	435.526
Framlög og tekjur umfram gjöld	10.974
	<u>446.500</u>
<b>Tekjur:</b>	
Framlag úr ríkissjóði	443.800
Sértekjur	2.700
	<u>446.500</u>

### Efnahagsreikningur 31. desember 2000

Eignir:	þ.kr.
Skammtímakröfur	11.557
Bankareikningar	167
	<u>11.724</u>
<b>Skuldir:</b>	
Skammtímaskuldir	9.452
Höfuðstóll og endurmat 1.1. 2000	(8.702)
Flutt af rekstrarreikningi	10.947
	<u>2.272</u>
	<u>11.724</u>

# EFNISYFIRLIT

Inngangur .....	4
Stjórnunarskrifstofa .....	6
Skattaskrifstofa .....	10
Gjaldaskrifstofa .....	14
Eftirlitsskrifstofa .....	20
Skatteftirlit ríkisskattstjóra .....	24
Skattafræðsla RSK .....	26
Tæknideild .....	28
Úr dagbók RSK .....	30
Álagning einstaklinga og lögaðila .....	32

# INNGANGUR

Indriði H. Þorláksson ríkisskattstjóri


Síðasta ár 20. aldarinnar var ekki ár stórra breytinga í skattamálum eða hjá embætti ríkisskattstjóra en einkenndist af þróunarstarfi og framhaldi verkefna, sem hafin voru og nýrra vinnubragða sem tekin hafa verið upp í samræmi við nýja tækni og breytt viðhorf við skattframkvæmd.

Á mannahaldi stofnunarinnar urðu þær breytingar helstar að ráðinn var vararíkisskattstjóri Ingvar J. Rögnvaldsson sem lengi hafði gengt starfi varaskattstjóra í Reykjavík. Á starfskipulagi urðu þær breytingar að ákveðið var að undirbúningur, umsjón og ábyrgð á álagningarvinnslu yrðu í sérstakri deild á skattaskrifstofu og var Jóni Geir Þormar falið að stýra þeim verkefnum og í kjölfar þess að Guðrún W. Jensdóttir deildarstjóri alþjóðadeildar lét af störfum var ákveðið að fella þau mál að sinni undir önnur verksvið skattaskrifstofu. Í samræmi við ákvarðanir um að styrkja vinnu stofnunarinnar á sviði hugbúnaðar var Bragi Leifur Hauksson ráðinn deildarstjóri á hugbúnaðarsviði og sú starfsemi styrkt með frekari hætti. Margrét Steinarsdóttir deildarstjóri hjá skatteftirliti RSK lét af störfum hjá stofnuninni og við starfi hennar tók Margrét Ríkharðsdóttir, Ásta Kristjánsdóttir deildarstjóri fékk leyfi til eins árs og í

hennar starf var ráðin Guðrún Jenný Jónsdóttir. Erla Péturdóttir var sett skattstjóri Vestfjarðar-umdæmis til eins árs og fékk leyfi frá störfum hjá RSK sama tíma. Þá létu nokkrir eldri starfsmenn af starfi eða hurfu til annarra verkefna og ráðnir voru nýir starfsmenn í þeirra stað. Hefur stofnunin gengið vel að fá til starfa vel menntaða og hæfa starfsmenn. Í heild fækkaði starfsmönnum embættisins nokkuð þrátt fyrir aukningu verkefna.

Mikilsverður áfangi náðist í húsnæðismálum stofnunarinnar með ákvörðunum um viðbótarhúsnæði á fyrstu hæð að Laugavegi 166 og flutningi allrar starfsemi hennar undir eitt þak.

Rekstrar- og fjármál stofnunarinnar eru í góðu lagi. Hin jákvæða þróun frá árinu áður hélt áfram og hefur vönduð áætlanagerð og vakandi eftirfylgni skilað markverðum árangri eins og reikningur ársins sýnir og umsögn Ríkisendurskoðunar ber með sér. Þessi árangur er eftirtektarverður í ljósi þess að á sama tíma batnaði verkefnastaða innan stofnunarinnar og unnið var að mikilvægum þróunarverkefnum. Mikilsverðar breytingar hafa orðið hvað varðar hugbúnað og vélbúnaðarmál. Áætlanagerð um hugbúnaðarvinnu hefur tekið miklum breytingum til bóta og gerðir hafa verið samningar um



verkefni við hugbúnaðarhús um stærstu verkþætti á því sviði. Áætlun stofnunarinnar um vélbúnað skattkerfisins sem tryggir stöðuga endurnýjun hans hefur hlotið samþykki fjármálaráðuneytisins. Þá var og gerður samningur við Landsímamann um endurnýjun og rekstur á gagnaflutningskerfi skattsins.

Á sviði beinna skatta var forskráning tiltekinn fjárhagsupplýsinga á framtöl einstaklinga og frekari þróun netframtalsins stærstu verkefni ársins hjá RSK og skiluðu sér í góðum árangri á þessum vettvangi við framtal 2001. Að fenginni þeirri reynslu var mörkuð sú stefna að forskrá sem mest af tiltækum fjárhagsupplýsingum og að gera rafræn skattskil að meginskilaformi framtala. Þá var búið til forrit til vélrænnar endurskoðunar á skattframtölum einstaklinga og því beitt við álagningu 2000 með góðum árangri.

Á sviði óbeinna skatta var hafinn undirbúningur rafrænna skila á VSK-skýrslum og greiðslum og er gert ráð fyrir að það kerfi verði komið í fulla notkun á síðari hluta árs 2001. Þá var álagning og umsjón bifreiðagjalda flutt til stofnunarinnar frá ríkisbókhaldi.

Samskipti embættis ríkisskattstjóra, skattstjóra og skattransóknastjóra voru með ágætum. Á reglulegum fundum þessara aðila eru verkefni skattkerfisins og samstarf stofnana þess til stöðugar umræðu sem skilað hefur sér í bættri skipulagningu og samhæfingu þeirra. Á árinu var einnig framhald á því að kynna starfsemi og verkefni stofnunarinnar. Haldnir voru kynningarfundir með fjármálaráðuneytinu og fjárlaganefnd Alþingis. Þá var haldinn fundur með fulltrúum fjölmiðla þar sem kynntar voru nýjungar í framtalsgerð og vinnu við álagningu gjalda.

Embætti ríkisskattstjóra getur kvatt liðna öld með þeirri vissu að góður árangur hefur náðst á flestum sviðum á síðasta ári hennar jafnframt því að hagrætt hefur verið í rekstri, mannahald verið dregið saman og kostnaður hefur minnkað. Má m.a. þakka það aukinni skilvirkni og áhugasömu og velvirku starfsliði. Er gott til þess að vita því verkefni framundan eru umfangsmikil og krefjast þess að starfslegar og fjárhagslegar forsendur starfseminnar séu metnar með það í huga.

# STJÓRNUNARSKRIFSTOFA

Forstöðumaður: Jón H. Steingrímsson  
Fjöldi ársverka: 15,6

Árið 2000 er fyrsta heila starfsár stjórnunarskrifstofu sem skipulagseiningar, en hún var stofnsett sem slík þann 15. febrúar 1999. Undir skrifstofuna falla tvær deildir, rekstrardeild og útgáfudeild auk þess sem tölfraeðiverkefnum er sinnt af sérstökum starfsmanni utan þeirra. Á árinu var haldið áfram á þeirri braut sem mörkuð var 1999 í fjármálum og starfsmannamálum. Mikið var um að vera í húsnæðismálum á árinu, bæði vegna undirbúnings að framkvæmdum á 1. hæð og einnig vegna tilflutnings skipulagseininga í tengslum við framtíðarskipan húsnæðisins. Í útgáfumálum gerðist það helst að síðari áfangi prentverkaútboðs kom til framkvæmda. Unnið var að áframhaldandi þróun upplýsingavefsins og skrifstofan tók sem fyrr þátt í þróun veframtals en einnig í undirbúningsvinnu fyrir rafræn skil á virðisaukaskatti. Á sviði tölfraeði var töluverðu áorkað í uppbyggingu gagnagrunns. Þá voru settar vinnureglur um meðferð upplýsingabeidna og gjaldtöku vegna upplýsingavinnslu en ásókn í þessa þjónustu fór vaxandi á árinu. Starfsmenn á stjórnunarskrifstofu voru 16 í árslok í 15 stöðugildum.

## Fjármál

Útgjöld til rekstrar embættisins og sameiginlegra þarfa skattkerfisins voru á árinu um 432,8 m.kr. að teknu tilliti til sértekna en voru árið á undan alls um 418,3 m.kr. Leitast var við að ná fastari tökum á stjórn fjármála í stóru og smáu, jafnt hvað varðar áætlanagerð, bókhald og ekki hvað síst í ýmsum aðgerðum til hagræðingar og styrkingar. Lögð var áhersla á að vanda til áætlanagerðar og var meiri vinna en áður lögð í gerð bæði rekstraráætlunar ársins sem og fjárlaga-

tillagna fyrir næsta ár. Fjárlagatillögum var jafnframt fylgt eftir með ýmsu móti. Hvað rekstraráætlun ársins varðar var launahlutinn byggður á tryggari forsendum en áður vegna gerðra vinnuframlagssamninga. Þá voru ýmsar aðrar undirátlanir ítarlegri en áður s.s. vegna prentverka, auglýsinga og ferðakostnaðar. Bókhald var á síðasta ári fært undir nýjum bókunarkli sem er mun meira sundurliðaður en áður. Á árinu var boðinn út sá hluti prentverka sem ekki hafði verið með í útboði árið á undan. Ávinningur er metinn á liðlega 2 m.kr. á ári. Ríkisendurskoðun gerði á árinu fjárhagslega úttekt á rekstri embættisins vegna rekstrarársins 1999. Í skýrslu stofnunarinnar kemur m.a. fram að bætt hafi verið úr flestum annmörkum sem fram komu við síðustu fjárhagsúttekt.

Í marsmánuði kom fram skýrsla ráðgjafa sem fjármálaráðuneytið réð til að gera úttekt á stöðu og tillögur um framtíð tölvu- og upplýsingamála ríkisskattstjóra. Meðal niðurstaðna var að efla þyrfti starfsemina og bæta á ýmsum sviðum, ekki síst hvað varðar samningagerð, verkefnastjórnun og kostnaðareftirlit. Í samræmi við það voru allmargir samningar gerðir á árinu með það að augnamiði að treysta áætlanagerð, festa tímagjald og efla undirbúningsvinnu hugbúnaðargerðar og þar með grundvöllinn að eftirfylgni og eftirliti. Í árslok lágu fyrir samningar, ýmist undirritaðir eða í drögum, um stóran hluta þeirra viðhaldsverkefna sem eru reglubundin og árviss. Heildarkostnaður vegna álagningar- og upplýsingakerfa ríkisskattstjóra var á árinu um 236 m.kr. en nam á árinu 1999 um 238 m.kr. og 248 m.kr. á árinu 1998. Þess ber að geta að veginn taxti hugbúnaðarvinnu



hækkaði um 23% milli árána 1998 og 1999 en 13% milli 1999 og 2000.

Vegna bágrar stöðu sjóðs til endurnýjunar á vélbúnaði skattkerfisins og naumrar árlegrar fjárveitingar til þeirra mála var allri endurnýjun haldið í lágmarki líkt og á árinu 1999. Eigi að síður var óhjákvæmilegt að endurnýja hluta af einmenningsvélum skattstofunnar á Ísafirði og einn af netþjónum ríkisskattstjóra sem notaður er til keyrslu á Oracle gagnagrunninum. Sú notkun hefur farið mjög vaxandi og þróunin í rafrænum framtalsskilum krefst aukins vélarafsls til að tryggja vinnsluhraða og gagnaöryggi. Til leigu og kaupa á vélbúnaði fyrir skattkerfið var alls ráðstafað 22,3 m.kr. á árinu en allstór hluti þeirrar fjárhæðar var til uppgjors eftirstöðva frá fyrra ári.

### Starfsmannamál

Heildarfjöldi ársverka í dagvinnu að meðtöldu fólki í afleysingum og tímavinnu var á árinu 83,0 samanborið við 89,5 á árinu 1999. Launakostnaður lækkaði úr 302,3 m.kr. á árinu 1999 í 300,9 m.kr. á síðasta ári. Sé mið tekið af hækkingun launavísitölu á milli árána jafngildir þetta u.p.b. 7% raunlækkingun launakostnaðar eða rúmlega 20 m.kr. Starfsmannamál voru rekin á þeim grunni sem lagður var á árinu 1999. Þannig var unnið að fjölgun vinnuframlagssamninga við starfsmenn en þeir bæði auka svigrúm starfsmanna við skipulagningu vinnu sinnar sem og treysta áætlanagerðina. Auk þess bættist í safn starfslýsinga en þær þjóna þeim tilgangi að gera starfssvið og ábyrgð skýrari en ella. Á árinu voru greiddir út fyrstu styrkir til heilsuræktar starfsmanna eftir að fyrir lá úrskurður um

staðgreiðsluskyldu vegna þessara greiðslna. Á síðari hluta árs var mörkuð stefna í reykingamálum í kjölfar fundar með starfsmönnum þar um. Tildrögin voru reglur sem settar voru af heilbrigðisráðuneyti fela í sér takmörkun heimildar til reykinga á vinnustað. Vegna þessa var komið upp tímabundinni aðstöðu til reykinga innanhúss.

### Húsnæðismál

Á árinu var unnið að hönnun og skipulagningu húsnæðis á 1. hæð Laugavegs 166 í samvinnu við Fasteignir ríkissjóðs og arkitekt verksins. Stuðst var við þarfalýsingu frá fyrra ári og þriggja ára framkvæmdaáætlun sem felur í sér húsnæðisbreytingar að Laugavegi 166, nýtt mötuneyti á 1. hæð Laugavegs 164 og gerð bílastæða á baklóð embættisins. Fyrsti áfanginn, þ.e. innrétting 1. hæðar Laugavegs 166, var boðinn úti í almennu útboði í október og hófust framkvæmdir í nóvember. Til þess að spara leigugjöld og fresta flutningi ekki frekar var ákveðið að segja upp leigusamningi í Nóatúni 17 frá árslokum 2000 og flytja skatteftirlit ríkisskattstjóra á Laugaveg 166 þrátt fyrir fyrirsjáanlegar tafir á afhendingu viðbótarhúsnæðis. Skatteftirlit ríkisskattstjóra hafði þá verið til húsa í Nóatúni 17 frá því er það tók til starfa í ársbyrjun 1997. Flutningur þessi sem og væntanlegt húsnæði á 1. hæð kallaði á heildarendurskipulagningu sem leiddi til umfangsmikilla flutninga innanhúss. Þetta hafði í för með sér tímabundnar þrengingar og var nýráðningum af þessum sökum slegið á frest. Um haustið fékk embættið til afnota nýtt lagerrými og vörumóttöku í suður-enda 2. hæðar og var með því bætt að hluta til



úr brýnni þörf á auknu geymslurými. Á árinu var hafist handa við að finna framtíðarlausn á aðkallandi loftkælingarvanda í tölvuveri en því var ekki lokið í árslok.

### Skjalamál

Mikil áhersla hefur verið lögð á skjalamál hjá embættinu og hefur verið unnið að þremur megin verkefnum þeim tengdum á árinu. Í byrjun árs var ráðist í gerð leiðbeininga fyrir nýtt skrifstofukerfi ríkisskattstjóra, sem byggir á Lotus Notes kerfinu (GoPro) og komu þær út í aprilmánuði. Á sama tíma var lokið við frumhönnun og innsetningu á málaflökkun í skrifstofukerfið. Í apríl skiluðu ráðgjafar tillögum að nýjum bréfalykli og hófu frágang skjala í tilraunaskyni innan einnar skipulagseiningar hjá embættinu. Í kjölfarið var afhentur endanlegur bréfalykill til notkunar. Þessu næst var hafist handa við að pakka gömlum skjölum hjá embættinu, annars vegar til varanlegrar varðveislu á aðgengilegan hátt og hins vegar til eyðingar. Þetta er viðamikil verkefni og áætlað er að það vari a.m.k út árið 2001. Í júní voru teknar í notkun nýjar málamöppur og um leið tekið upp það verklag að færa öll mál inn í slíkar möppur. Í nóvember var keyptur fyrsti skjalaskápurinn fyrir hið nýja fyrirkomulag og hófst þá formleg notkun lykilsins við frágang nýrra skjala.

### Þjónustumál

Undanfarin ár hafa fimm starfsmenn unnið í afgreiðslu embættisins við að veita upplýsingar og þjóna þeim viðskiptamönnum sem hringja eða koma á staðinn. Auk hefðbundinnar þjónustu sinna starfsmenn þar útgáfu skattkorta, umsjón með launagreiðendaskrá og framsendingu skattframtala. Ákveðið var á árinu að aðgreina síðastnefnda verkefnið frá öðrum verkefnum afgreiðslunnar og fela það ákveðnum starfsmanni sem jafnframt annast almenn ritarastörf og önnur tilfallandi verkefni innan skrifstofunnar.

### Útgáfumál

Öll útgáfu- og kynningarmál eru að því er varðar prentun, upplýsingavef og auglýsingar í umsjá útgáfudeildar stjórnunarskrifstofu. Efnisleg forsjá heyrir hins vegar undir aðrar skrifstofur og skipulagseiningar eftir því sem við á. Flest prentverkefni og auglýsingar eru árviss, s.s. eyðublöð, bæklingar, orðsendingar og leiðbeiningar og voru litlar breytingar þar á. Á árinu fór fram síðara útboð á prentverkum embættisins eins og áætlað var og laut hún að eyðublöðum virðisaukaskatts og staðgreiðslu, bréfsefnum, lagasamfellum, akstursdagbók þungaskatts og bæklingum. Auk þess var tekin ákvörðun um að bjóða út að nýju prentun á aðaleyðublöðum skattframtalsins. Tilboð bárust frá níu aðilum en ákveðið var að ganga til samninga við fimm þeirra. Prentkostnaður var alls um 34,8 m.kr. á árinu 2000 sem er lækkun um 1,7 m.kr. frá fyrra ári. Auglýsingakostnaður lækkaði einnig verulega milli ára eða úr 8,8 m.kr. í 5,5 m.kr. Þar réði mestu að ekki var gerð lifandi sjónvarpsauglýsing auk þess sem gætt var aðhalds í stærð og fjölda birtinga á öðrum auglýsingum.

### rsk.is

Árið 2000 er annað árið sem upplýsingavefur ríkisskattstjóra, rsk.is, er starfræktur. Heimsóknir á vefinn voru um 15-20.000 í „venjulegum“ mánuði samanborið við um 3-4.000 árið 1999. Í tengslum við netframtalið fóru heimsóknir í um 120.000 á mánuði þegar mest var, en stærsti einstaki dagurinn var þann 10. apríl þegar heimsóknir urðu ríflega 16.000. Einkennandi var hve álag í tengslum við netframtalið dreifðist yfir lengri tíma en árið 1999.

Á árinu var opnað fyrir ýmsa nýja þjónustu á vefnum. Í febrúar var boðið upp á uppfléttingu í virðisaukaskattsskrá, en þar er hægt að leita að rekstraraðilum eftir virðisaukaskattsnúmeri eða kennitölu. Námskeiðsskráning var stórlega bætt á vefnum og leiddi það til þess að nær allir sem sóttu námskeið hjá Skattafræðslu ríkisskattstjóra skráðu sig í gegnum rsk.is. Í október var



boðið upp á áskrift í gegnum tölvupóst til notenda vefsins að ýmsum upplýsingum frá ríkisskattstjóra og um áramótin voru áskrifendur orðnir um 300 talsins.

### Próunarverkefni

Próunarverkefni er málaflokkur sem stjórnunarskrifstofa hefur umsjón með auk þess að koma að einstökum verkefnum með beinum hætti. Fyrirferðarmest slíkra verkefna á árinu var Netframtalið. Í annað sinn var launamönnum boðið upp á að telja fram á netinu. Töluverðar breytingar voru gerðar á framtalinu frá árinu á undan, sú stærsta að framtalið var vistað á netþjóni en ekki á vél notandans. Það gaf góða raun og voru tæknilegir erfiðleikar hverfandi í samanburði við árið á undan. Notendum fjölgaði verulega, alls skiluðu 40.135 á netinu sem var 55% aukning frá árinu á undan.

Auk þess að þróa netframtalið var gefin út kröfulýsing RSK vegna véltækra skila, en hún hefur að geyma færslulýsingar, villuprófanir og reiknireglur vegna allra tölvutækra skila. Var hún afhent þeim sem selja framtalsforrit og vilja skila framtölum úr þeim á tölvutæku formi. Það eru fyrst og fremst endurskoðendur og bókarar sem nota slík forrit. Tölvutæk framtöl frá þeim urðu 33.152 sem er rúmlega átta sinnum meira en árið á undan.

Talsvert var unnið við undirbúning netskila á virðisaukaskatti. Sú vinna fólst aðallega í þarfagreiningu og annarri undirbúningsvinnu. Stefnt var að opnun kerfisins á árinu 2001.

Intranet skattkerfisins er svo enn eitt próunarverkefnið. Unnið var við hönnun og uppsetningu auk þess sem byrjað var á skipulegri innsetningu efnis. Áður hafði farið fram undirbúningsvinna á tæknideild.

Undir próunarverkefnum má telja vinnu við gerð árangursstjórnunarsamnings við fjármálaráðuneyti sem var hafin á síðara hluta ársins. Í honum er m.a. gert ráð fyrir að marka braut próunarverkefna og áherslur nokkur næstu árin.

### Tölfræði

Árið 1999 var ráðinn sérstakur starfsmaður til embættisins til að hafa umsjón með upplýsingamálum. Upplýsingamál hafa í kjölfarið verið tekin fastari tókum bæði að því er varðar uppbyggingu og viðhald gagnagrunna og einnig í meðferð persónuupplýsinga. Mikill og vaxandi áhugi er meðal ýmissa utanaðkomandi aðila á upplýsingum sem er að finna í skrámbættisins og var í það ráðist á fyrri hluta ársins að setja reglur um meðferð slíkra erinda. Þar sem þessi þjónusta er tímakrefjandi og fellur ekki undir verksvið embættisins er nú unnið eftir þeirri meginreglu að kostnaður sé almennt borinn af þeim sem þjónustunnar óskar.

# SKATTASKRIFSTOFA

Forstöðumaður: Bragi Gunnarsson  
Fjöldi ársverka: 19,1

## Almennt

Skattaskrifstofa hefur með höndum umsjón og samræmingu á skattframkvæmd beinna skatta. Helstu skatttegundir sem þannig falla undir ábyrgðarsvið skrifstofunnar eru tekjuskattur, fjármagnstekjuskattur, eignarskattur, staðgreiðsla opinberra gjalda og tryggingagjald.

Stjórnunarleg uppbygging skattaskrifstofu á árinu 2000 var með þeim hætti að hún skiptist í fjórar deildir: Álagningardeild, lögfræðideild, alþjóðadeild og atvinnurekstrardeild. Skrifstofan er fyrst og fremst mönnum af háskólamenntuðum sérfræðingum á sviði skattaréttar. Er þar blanda af reyndum starfsmönnum og ungum og tiltölulega nýútskrifuðum starfsmönnum. Nokkrar mannabreytingar urðu á skrifstofunni á árinu m.a. í kjölfar þess að þrír starfsmenn skrifstofunnar fengu tímabundin leyfi til að hverfa til annarra starfa. Hefur starfsmönnum skrifstofunnar fækkað nokkuð á undanförunum misserum þrátt fyrir aukin verkefni. Þrátt fyrir þessa fækkun í mannhaldi hefur verkefnastaða fremur batnað og má fullyrða að sú staðreynd sé fyrst og fremst hæfu og samheldnu starfsfólki að þakka.

Það sem einkenndi starf skrifstofunnar á árinu 2000 var eins og undanfarin ár hinn mikli fjöldi ýmissa afgreiðslumála. Helstu flokkar slíkra mála eru úrskurðir um skatterindi eða eftir atvikum framsending slíkra erinda til skattstjóra, kröfugerðir í kærumálum til yfirskattanefndar, úrskurðir í skattránsóknarmálum og síðast en ekki síst svör við ýmsum fyrirspurnum sem embættinu berast. Þá má og nefna úrskurði um endurgreiðslu á staðgreiðslu opinberra gjalda, bindandi álit, útgáfu ýmissa vottorða, staðfest-

ingu hlutafélaga vegna hlutabréfafrádráttar, staðfestingu happdrætta vegna skattfrelsis vinninga, ýmsa útreikninga og tölulegar úttektir, auk úrskurða í kærumálum. Þá vinnur skrifstofan umsagnir í dómsmálum og um lagafrumvörp, auk þess sem sérfræðingar skrifstofunnar veita fjármálaráðuneytinu aðstoð og ráðgjöf við samningu lagafrumvarpa og reglugerða. Nýjasta verkefni skrifstofunnar er staðfesting kaupréttaráætlana í samræmi við breytingar sem gerðar voru á lögnum um tekjuskatt og eignarskatt sbr. lög nr. 86/2000.

## Álagning

Við álagningu þinggjalda á árinu 2000 var fjöldi einstaklinga á grunnskrá 217.327 og lögaðila 15.674. Heildarálagning opinberra gjalda (fyrirframgreiðsla sérstaks tekjuskatts meðtalin) á árinu 2000 nam tæpum 129 milljörðum króna. Þar af var álagning einstaklinga um 95,6 milljarðar króna og lögaðila um 33 milljarðar króna. Afslættir og bætur til einstaklinga námu 12,2 milljörðum króna. Í samræmi við yfirlýsta stefnu fjölgaði til muna þeim framtölum sem bárust með rafrænum hætti og er óhætt að fullyrða að Ísland sé í fararbroddi í heiminum varðandi skil á framtölum yfir internetið. Sú nýbreytni varð á árinu að tekin var upp vélræn álagningarskoðun á þeim framtölum sem borist höfðu rafrænt. Var talsverður hluti framtala þannig afgreiddur til álagningar án þess að mannsaugað færi nokkru sinni yfir þau.

## Afgreiðsla skatterinda

Á árinu 2000 bárust skrifstofunni 3.149 skatterindi til úrlausnar. Voru það 784 færri erindi en



bárust á árinu 1999. Alls voru 2481 erindi framsend til skattstjóra á grundvelli 101. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt. Þau erindi sem framsend eru skattstjóra til meðferðar eru fyrst og fremst framtöl sem berast eftir að kærufresti er lokið og gjaldandi óskar eftir því að hið innsenda framtal verði lagt til grundvallar í stað áætlaðra stofna. Á skattaskrifstofu voru kveðnir upp 1.084 úrskurðir um skatterindi á árinu, en óafgreidd erindi voru í árslok 289, sem er lítið eitt lægri tala en árið áður.

### Skattrannsóknarmál

Pegar skattrannsóknarstjóri ríkisins hefur lokið skattrannsókn tekur hann saman skýrslu um rannsókn sína og sendir ríkisskattstjóra. Skattaskrifstofa ber ábyrgð á þessum málaflokki hjá embættinu og úrskurðar um gjaldabreytingar. Eru þessi mál eftir atvikum unnin í samstarfi við gjaldaskrifstofu. Þannig eru skýrslur skattrannsóknarstjóra yfirfarnar og boðaðar gjaldabreytingar ef forsendur þykja vera til slíks. Að fengnum andmælum gjaldanda er síðan kveðinn upp úrskurður í málinu. Á árinu má segja að lokið hafi átaki sem hófst á árinu 1999 og miðaði að því að vinna niður málhala sem myndast hafði hjá embættinu í skattrannsóknarmálum. Alls voru nýskráð 51 skattrannsóknarmál á árinu 2000 en afgreitt voru 78 mál, og liggur mismunurinn í því að verið var að ljúka málum fyrra árs.

### Kröfugerðir ríkisskattstjóra í kærumálum til yfirskattanefndar

Lögum samkvæmt kemur ríkisskattstjóri fram fyrir hönd gjaldkrefjanda í kærumálum skattaðila til yfirskattanefndar. Mestur fjöldi kærumála

er á sviði beinna skatta og eru þær kröfugerðir unnar á skattaskrifstofu. Mikill fjöldi kærumála barst skattaskrifstofu til umsagnar á árinu. Alls voru 1055 nýskráð mál af þessum toga, en afgreiddar umsagnir voru 943. Til samanburðar má benda á að á árinu 1999 bárust 486 mál til umsagnar. Þessi mikli munur á sér fyrst og fremst skýringu í miklum fjölda efnislega samhljóða kæra í svonefndum bankamálum, sem snerust um skattalega meðferð hlutabréfa sem seld höfðu verið starfsmönnum banka á undirverði. Miðað við málafjölda er verkefnastaðan í þessum málaflokki mjög góð og er nánast undantekningalaust staðið við hinn lögboðna frest sem embættið hefur til að gefa umsögn sína í kærumálum þessum.

### Undirbúningur lagafrumvarpa og túlkun nýrra laga

Á hverju ári eru samþykktar á Alþingi breytingar á hinum ýmsu skattalögum. Hér að neðan er að finna yfirlit yfir helstu lagabreytingar á sviði beinna skatta á árinu 2000, og snerta eða munu að líkindum koma til með að snerta starfssvið skattstjóra.

- lög nr. 9/2000, um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum (skattleysismörk).
- lög nr. 18/2000, um breyting á lögum nr. 83/1984, um erfðafjárskatt, með síðari breytingu (yfirstjórn)
- lög nr. 72/2000, um jöfnunargjald vegna alþjónustu árið 2000.
- lög um afnám lagaákvæða um skattfrelsi forseta Íslands (breyting ýmissa laga).

- lög nr. 86/2000, um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum (hlutabréf, lífeyrisðgjöld o.fl.).
- lög nr. 95/2000 um fæðingar- og foreldraorlof (m.a. breyting á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum).
- lög nr. 102/2000 um breyting á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum (lífeyrissparnaður).
- lög nr. 144/2000, um breyting á lögum nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum (útsvarshlutfall).
- lög nr. 149/2000, um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum (söluhagnaður hlutabréfa o.fl.).
- lög nr. 150/2000, um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum (skatthlutfall)
- lög nr. 156/2000, um breyting á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum (fæðingarorlof).
- lög nr. 157/2000, um breyting á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum (reiknað endurgjald).
- lög nr. 160/2000 um jöfnunargjald vegna alþjónustu árið 2001.
- lög nr. 166/2000, um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum (barnabætur).
- lög nr. 167/2000, um breyting á lögum nr. 114/1990, um Útflutningsráð Íslands, með síðari breytingum (markaðsgjald).
- lög nr. 172/2000, um breyting á lögum nr. 125/1999, um málefni aldraðra (gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra).

Sérfræðingar skattaskrifstofu komu að undirbúningi sumra þessara laga, einkum breytingum þeim sem gerðar voru á lögnum um tekjuskatt og eignarskatt. Þegar lög hafa verið samþykkt eru þau kynnt skattstjórum og eftir atvikum gefnar út leiðbeiningar og túlkanir eftir því sem þurfa þykir.

## Bindandi álit

Samkvæmt lögum um bindandi álit í skattamálum, gefur ríkisskattstjóri út bindandi álit. Álit ríkisskattstjóra eru kæránleg til yfirséðanefndar. Markmið með bindandi álitum er að skattþegnar geti fengið eins konar forúrskurð um skattalegar afleiðingar fyrirhugaðra ráðstafana. Á árinu bárust 19 beiðnir um bindandi álit. Langflestar álitsbeiðnir lúta að málefnum er snúa að beinum sköttum og þá einkum tekjuskatti og eignarskatti. Um allar álitsbeiðnir er fjallað í sérstakri nefnd sem ríkisskattstjóri veitir forstöðu. Með lögum nr. 86/2000 var gerð sú breyting á 117. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, að fjármálaráðherra var falið það hlutverk að gefa bindandi álit í málum er lúta að túlkun tvísköttunarsamninga.

## Lögfræðilegar álitsgerðir

Eins og undanfarin ár voru mál varðandi túlkun einstakra lagafyrirmæla og samantekt um ríkjandi framkvæmd á sviði skattaréttar ríkur þáttur í starfsemi skattaskrifstofu. Birtist þetta ekki hvað síst í formi skriflegra svara við fyrirspurnum frá skattþegnum og ýmsum opinberum stofnunum og hagsmunahópum, sem og í óformlegri upplýsingagjöf og leiðbeiningum. Allmörg mál skattþegna gengu til hins almenna dómstólakerfis. Var þar bæði um refsímál og einkamál að ræða. Auk vinnu við kynningu á úrslausnum dómstóla var töluvert starf unnið við gerð ýmiss konar álita, greinargerða og samantekta vegna reksturs mála fyrir dómstólum, auk þess sem skattaskrifstofan svaraði og gerði grein fyrir atriðum sem umboðsmaður Alþingis lét sig varða á skattasviðinu á árinu.

## Alþjóðamál

Málefni sem tengjast alþjóðlegum skattarétti, hvort heldur um er að ræða skattlagningu erlendra aðila hér á landi eða Íslendinga erlendis, eru til umfjöllunar á alþjóðadeild skattaskrifstofu. Alþjóðadeildin hefur jafnframt annast upplýsingagjöf varðandi framkvæmd tvískött-

unarsamninga og liðsinnt skattþegnum í samskiptum við erlend skattyfirvöld. Hefur þessi þáttur í starfsemi skrifstofunnar aukist með árunum og það sama gildi um árið 2000.

### Fyrirmæli og verklagsreglur

Veigamikill þáttur í starfi ríkisskattstjóra er lögum samkvæmt sá að gæta þess að samræmi sé í störfum skattstjóra. Þannig voru skattstjórum send allmörg bréf sem höfðu að geyma niðurstöðu RSK um meðferð ýmissa álitaefna.

Á árinu var hafin vinna við að semja nýjar verklagsreglur tekjuskatts en nokkuð er um liðið síðan þær voru síðast teknar saman. Er stefnt að því að ljúka því verki í áföngum á næstu misserum. Er í þessu sambandi gert ráð fyrir að safnað verði á einn stað öllum gildandi fyrir-mælum og verklagsreglum í því skyni að tryggja sem mest gegnsæi og jafnræði í skattframkvæmdinni.

### Kynningar á dómum, úrskurðum, lögum og reglum

Að venju var dreift til skattstjóra og starfsmanna skattkerfisins þeim dómum sem felldir voru í Hæstarétti og héraðsdómum um skattamál. Sama á við um þá úrskurði yfirséðanefndar sem ástæða þótti til að ætla að almennt gildi hefðu. Loks var lögum, reglugerðum og öðrum settum reglum ársins dreift ásamt þeim skýringum sem við áttu. Þá er tilkynningum um laga-breytingar og orðsendingar komið á framfæri við skattborgara með orðsendingum til launa-greiðanda og öðrum hætti eftir því sem tilefni er til, en skattaskrifstofa ber ábyrgð á efni slíkra tilkynninga og leiðbeininga að því er beina skatta varðar.

### Staðfest félög vegna frádráttar frá tekjum samkvæmt 30. gr.

Samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignar-skatt, var það skilyrði fyrir frádrætti manna vegna fjárfestingar í atvinnurekstri á árinu 2000 að fjárfest hafi verið í félögum sem skráð voru á Verðbréfabingi Íslands eða hlotið höfðu stað-

festingu ríkisskattstjóra um að skilyrðum laganna væri fullnægt. Alls fengu 84 félög slíka staðfestingu ríkisskattstjóra á árinu 2000, sem er nokkuð færri en árið áður. Í því sambandi ber þó að hafa í huga að félög sem skráð eru á kauphöll á hinu evrópska efnahagssvæði þurfa ekki sérstaka staðfestingu ríkisskattstjóra, heldur á staðfestingin einungis við um óskráð félög.

### Ýmis verkefni

Staðfesting kaupréttaráætlana var nýtt verkefni skattaskrifstofu á árinu. Samkvæmt nýjum ákvæðum sem lögfest voru með lögum nr. 86/2000 skal ríkisskattstjóri staðfesta að kaupréttaráætlanir fullnægi skilyrðum skattalaga um sérstaka ívilnandi skattalega meðferð á kauprétti sem starfsmönnum hlutafélaga og einka-hlutafélaga er látin í té. Alls voru 39 kaupréttaráætlanir staðfestar á árinu 2000.

Lögum samkvæmt staðfestir ríkisskattstjóri hvort skilyrðum skattfrelsi vinninga í happdrættum er fullnægt. Skattaskrifstofan sér um útgáfu slíkra staðfestinga og er listi yfir skattfrjálsa happdrættisvinninga birtur í almennum leiðbeiningum með skattframtali ár hvert. Á árinu 2000 voru 21 slík staðfesting um skattfrelsi happdrættisvinninga gefin út.

Mikill fjöldi svonefndra staðgreiðsluerinda berst skattaskrifstofu til úrlausnar. Einkum er um að ræða óskir um endurgreiðslu staðgreiðslu vegna náms. Alls bárust 487 erindi af þessum toga á árinu en fjöldi afgreiddra mála var 495, og er mismunurinn fólgin í að einhver mál frá fyrra ári voru afgreidd á árinu.

### Þróunarverkefni

Stærsta þróunarverkefnið á árinu tengdist skattframtali einstaklinga og áframhaldandi þróun rafræns framtals og fyrirfram áprentunar upplýsinga á skattframtalið, sem og rafrænni regluþrófun framtala. Þá var jafnframt unnið að frekari þróun rekstrarframtalsins og er gert ráð fyrir að þróunarvinna varðandi bæði þessi framtöl haldi áfram á næstu misserum. Er markmiðið að nýta til fullnustu þá þróun sem orðið hefur á



upplýsingatækni síðustu misseri og vera í fararbroddi við hagnýtingu þeirrar tækni. Er óhætt að fullyrða að Ísland sé nú þegar í fremstu röð varðandi skil skattframtala yfir internetið.

### Ársreikningaskrá

Starfsemi ársreikningaskráar var með óbreyttu sniði á árinu. Starfsemin er fólgin í því að taka á móti ársreikningum skilaskyldra félaga fyrir rekstrarárið 1999 og eldri ára og veita almennungi aðgang að þeim, m.a. með sölu ljósríta. Skilaskyld félög eru hlutafélög, einkahlutafélög og samvinnufélög svo og sameignarfélög og samlög ef þau eru í eigu fyrrnefndra félagaforma eða eru yfir tilteknum stærðarmörkum.

Alls bárust 9.458 ársreikningar á árinu fyrir rekstrarárið 1999 en í lok maí 2001 höfðu samtals 10.419 félög skilað ársreikningum fyrir það ár. Þar til viðbótar hafa verið lagðir fram á árinu 1.254 ársreikningar fyrir rekstrarárið 1998 og 85 ársreikningar fyrir árin 1995-1997.

Á árinu voru 877 fyrirtæki kærð til skattrannsóknarstjóra vegna vanskila á ársreikningum fyrir árið 1998. Af þeim hafa 333 félög skilað ársreikningum í lok maí 2001 en þegar liggja fyrir upplýsingar um a.m.k. 144 félög séu gjaldþrota eða eru undir skiptum og koma ekki til

með að leggja fram ársreikninga. Í vanskilum eru því innan við 400 félög. Telja má að lagðir hafa verið fram um 96% ársreikninga rekstrarársins 1998 en áætla má að yfir 90% ársreikninga hafi verið lagðir fram fyrir árið 1999 þegar tekið hefur verið tillit til fyrirtækja sem eru á skilaskrá 1999 en hætt hafa starfsemi á því ári eða síðar vegna gjaldþrota og annarra rekstrarerfiðleika. Ekki hefur verið aðhafst frekar að kæra vanskil þar sem á árinu 2001 var kveðinn upp sýknudómur í Héraðsdómi Reykjavík í sakamálinu nr. 2507/2000, sem höfðað var gegn stjórnarmönnum félags sem ekki höfðu lagt fram til opinberrar birtingar ársreikninga félagsins fyrir árin 1995, 1996 og 1997 þrátt fyrir að fyrir lægi að þeir höfðu verið gerðir og staðfestir á aðalfundum félagsins. Niðurstaða dómsins, sem kveðinn var upp 8. mars 2001, var að félagaskrá í skilningi 1. gr. laga um ársreikninga hafi ekki verið sett á stofn með lögum eins og áskilið er í lögnum og heimild ráðherra til að setja reglugerð um framkvæmd laganna nái ekki til að skipa þessu atriði með reglugerð. Alþingi hefur breytt lögum um ársreikninga með lögum nr. 58/2001, þannig að skilaskylda ársreikninga til ársreikningaskráar frá og með rekstrarárinu 2000 er ótvíræð.

# GJALDASKRIFSTOFA

Forstöðumaður: Sigurjón Högnason  
Fjöldi ársverka: 18,1

Á árinu varð breyting á verksviði gjaldaskrifstofu þegar fjármálaráðherra fól ríkisskattstjóra álagningu og aðra framkvæmd bifreiðagjalds. Verkefnið kom í hlut skrifstofunnar á miðju ári vegna síðara gjaldtímabils ársins.

Gjaldaskrifstofa skiptist í tvær deildir. Virðisaukaskattsdeild sinnir lögboðnu hlutverki embættisins að því er varðar virðisaukaskatt, vörugjald og skilagjald, auk verkefna varðandi iðnaðarmálagjald og búnaðargjald. Gjaldadeild annast álagningu og aðra framkvæmd þungaskatts, bifreiðagjalds og áfengisgjalds.

Nokkrar breytingar urðu á starfsmannahaldi. Fimm starfsmenn hættu, þar af fluttist einn um set innan embættisins. Sex hófu störf, þar af komu tveir af annarri skrifstofu embættisins.

## Gildandi réttur

Á árinu urðu eftirtaldar breytingar á lögum og reglugerðum varðandi skatta og gjöld, sem eru á verksviði skrifstofunnar:

Lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, var breytt með lögum nr. 104/2000, 105/2000 og 155/2000. Viðamestu breytingarnar voru gerðar með lögnum nr. 105 í kjölfar tillagna í skýrslu nefndar á vegum fjármálaráðherra, sem á árinu 1999 gerði úttekt á framkvæmd virðisaukaskatts.

Í lögum nr. 82/2000, um framkvæmd tiltekinna þátta í varnarsamstarfi Íslands og Bandaríkjanna, er kveðið á um skattundanþágu varnarliðsins, þ.m.t. varðandi virðisaukaskatt.

Lögum nr. 97/1987, um vörugjald, var breytt með lögum nr. 103/2000, 104/2000 og 155/2000.

Lögum nr. 52/1989, um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, var breytt með lögum nr. 26/2000.

Lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, var breytt með lögum nr. 31/2000 og 165/2000.

Lögum nr. 39/1988, um bifreiðagjald, var breytt með lögum nr. 37/2000.

Lögum nr. 96/1995, um gjald af áfengi, var breytt með lögum nr. 104/2000 og 155/2000.

Reglugerð nr. 577/1989, um frjálsa og sérstaka skráningu vegna leigu eða sölu á fasteign, var breytt með reglugerð nr. 903/2000.

Reglugerð nr. 248/1990, um virðisaukaskatt af skattskyldri starfsemi opinberra aðila, var breytt með reglugerð nr. 901/2000.

Reglugerð nr. 554/1993, um virðisaukaskattskylda sölu á vörum til manneldis o.fl., var breytt með reglugerð nr. 559/2000.

Reglugerð nr. 294/1997, um endurgreiðslu á virðisaukaskatti til aðila búsettra erlendis, var breytt með reglugerðum nr. 375/2000 og 560/2000.

Sett var ný reglugerð nr. 709/2000 um tollmeðferð póstsendinga. Jafnframt var felld úr gildi reglugerð nr. 310/1992 um sama efni.

Reglugerð nr. 436/1998, um vörugjald, var breytt með reglugerð nr. 52/2000.

Sett var ný reglugerð nr. 368/2000, um söfnun, endurvinnslu og skilagjald á einnota umbúðir fyrir drykkjarvörur. Jafnframt var eldri reglugerð um sama efni nr. 282/1994 felld úr gildi.

Reglugerð nr. 505/1998, um áfengisgjald, var breytt með reglugerð nr. 527/2000



Reglugerð nr. 309/1996, um ákvörðun þunga-skatts og skyldur ökumanna, var breytt með reglugerð nr. 466/2000.

Gjaldaskrifstofa veitti fjármálaráðuneyti lið við að undirbúa og semja lagafrumvörp og reglugerðir. Þá voru breytingar kynntar skattstjórum og gjaldendum.

### Lögfræðileg álit og miðlun upplýsinga

Viðamesta verkefni virðisaukaskattsdeildar felst í túlkun á gildandi rétti og miðlun upplýsinga.

Gjaldendur og þeir sem starfa í þeirra þágu leita í ríkum mæli eftir upplýsingum um gildandi rétt og túlkunum embættisins á réttarreglum. Jafnframt leita starfsmenn skattstjóranna oft eftir álit embættisins. Flestum slíkum fyrirspurnum er svarað munnlega á grundvelli fyrirbyggjandi skriflegra gagna. Öðrum fyrirspurnum og þá hinum viðameiri er svarað skriflega, auk þess sem sett eru fram skrifleg álit að eigin frumkvæði þegar tilefni er til. Bréf sem fela í sér túlkun sem ekki hefur fyrr verið sett fram með sama hætti (ákvarðandi bréf) eru send öllum skattstjórum, öðrum stjórnvöldum sem málið varðar og samtökum þeirra er sinna skattalegri ráðgjöf. Á árinu sendi deildin frá sér 86 bréf af umræddum toga, þar af 37 ákvarðandi bréf. Auk þess gaf deildin 8 umsagnir til Alþingis, fjármálaráðuneytis og samkeppnisyfirvalda. Þá voru gjaldendum sendar; 3 almennar orðsendingar varðandi virðisaukaskatt, 2 orðsendingar varðandi skilagjald og 1 varðandi vörugjald.

Skattstjórum voru kynntar laga- og reglugerðarbreytingar og þeir dómar og úrskurðir yfirskattaneftndar sem almennt gildi þóttu hafa.

Í maímánuði var haldinn fundur með þeim starfsmönnum skattfyrirvalda er koma að framkvæmd virðisaukaskatts Fjallað var um nýmæli og það sem hæst bar varðandi skattframkvæmd. Stóð fundurinn í hálfan annan dag. Fundarmenn voru á sjötta tug fyrri daginn, en á annan tug þeirra störfuðu áfram í hálfan dag í hópum um afmörkuð verkefni. Annar slíkur

fundur var haldinn í nóvember með á þriðja tug þátttakenda. Fundir sem þessir hafa verið haldnir allt frá upptöku virðisaukaskatts og eru einn mikilvægasti þátturinn í samræmingu verka skattstjóra er lúta að virðisaukaskatti.

Starfsmenn skrifstofunnar fluttu fyrirlestra og sátu fyrir svörum á fundum og námskeiðum sem haldin voru af ýmsum samtökum og félögum atvinnulífsins.

### Kröfugerðir í kærumálum fyrir yfirskattaneftnd

Eitt af lögboðnum hlutverkum ríkisskattstjóra er að koma fram fyrir hönd gjaldkrefjanda í ágreiningsmálum sem skotið er til yfirskattaneftndar. Skylda ríkisskattstjóra í þessum efnunum er tvíþætt, hann skal annars vegar færa fram rökstuðning fyrir hönd gjaldkrefjanda og hins vegar afla nauðsynlegra gagna. Gjaldaskrifstofa fer með þetta hlutverk að því er varðar þau gjöld er henni heyra til. Hér á eftir fer yfirlit yfir fjölda mála af umræddum toga á árinu 2000 og samanburður við árið 1999.

	2000	1999
Fjöldi mála í upphafi árs	13	6
Fjöldi mála sem barst á árinu	68	74
Fjöldi afgreiddra mála á árinu	67	67
Fjöldi óafgreiddra mála í árslok	14	13

### Skatterindi

Ríkisskattstjóri hefur lagaheimild til að breyta skattákvörðun skattstjóra sjái hann ástæðu til þess. Að jafnaði kemur ekki til slíkra breytinga nema að gjaldandi óski þess og færi fram gjaldar forsendur. Virðisaukaskattsdeild tekur afstöðu til framkominna erinda er varða þau gjöld er undir hana heyra. Erindi sem fela í sér óskir um breytingar á virðisaukaskatti nýliðinna uppgjörs tímabila eru send viðkomandi skattstjóra til afgreiðslu. Erindi send skattstjórum voru 57 á árinu. Hér fer á eftir yfirlit yfir fjölda skatterinda sem skrifstofan tók til afgreiðslu á árinu 2000 og samanburður við árið 1999.



	2000	1999
Óafgreidd mál í upphafi árs	103	32
Erindi sem bárust á árinu	117	157
Fjöldi afgreiddra mála á árinu	206	86
Fjöldi óafgreiddra mála í árslok	14	103

### Samstarfsverkefni

Í samvinnu við tæknideild embættisins var á árinu unnið að undirbúningi rafrænna skila virðisaukaskatts.

Að því er varðar gjöld er heyra undir gjaldaskrifstofu leggur hún skattaskrifstofu lið við úrvinnslu mála er berast frá skattrannsóknarstjóra ríkisins.

Um margra ára skeið stóð gjaldaskrifstofa fyrir námskeiðum um virðisaukaskatt sem einkum voru ætluð þeim sem voru að hefja starfsemi. Námskeið þessi hafa nú verið felld inn í námskrá Skattafræðslu RSK. Eftir sem áður leiðbeina starfsmenn gjaldaskrifstofu á námskeiðunum.

Fulltrúar gjaldaskrifstofu sátu á árinu 2000 í ýmsum starfshópum er ríkisskattstjóri skipaði til afmarkaðra verkefna.

Forstöðumaður gjaldaskrifstofu situr í starfsnefnd embættisins um bindandi álit í skattamálum og í stjórn upplýsingavefs ríkisskattstjóra.

Þá situr forstöðumaðurinn í nefnd um áætlanagerð gjalda, sem fjármálaráðherra skipaði á árinu 2000.

Deildarstjóri gjaldadeildar situr í nefnd, skipaðri af fjármálaráðherra, sem hefur það hlutverk að kanna kosti á niðurfellingu þungaskatts og upptöku olúgjalds.

### Virðisaukaskattur

Á árinu 2000 voru nýskráningar á grunnskrá virðisaukaskatts 4.698 og 3.468 afskráningar, samanborið við 5.030 nýskráningar og 3.712 afskráningar á árinu 1999. Þann 31. desember 2000 voru 35.167 aðilar virkir á grunnskránni.

Virðisaukaskattur af viðskiptum innanlands og ákvarðaður við innflutning nam fyrir árið 2000 alls 100.603 milljónum króna, sem er 35% hækkun frá 74.501 milljónum króna fyrir árið 1999. Að frátöldum áætlunum nam hækkun útskatts af viðskiptum innanlands 9,35% á sama tíma og hækkun innskatts nam 9,54%. Til samanburðar má geta þess að vísitala neysluverðs hækkað frá desember 1999 til desember 2000 um 4,18%.

Hér á eftir fer yfirlit yfir skil og endurgreiðslur virðisaukaskatts vegna ársins 2000 borið saman við skil og endurgreiðslur vegna ársins 1999. Allar fjárhæðir eru tilgreindar í milljónum króna, og miðast við tímamark að lokinni kæru-meðferð vegna síðasta uppgjörstímabils viðkomandi árs.

**Vörugjald skv. lögum nr. 97/1987**  
 Álagt vörugjald af innlendri framleiðslu á árinu 2000 nam 697 milljónum króna. Vörugjald ákvarðað við innflutning á árinu 2000 nam 2.117 milljónum króna. Alls nam vörugjald vegna ársins 2000 því 2.814 milljónum króna, samanborið við 2.958 milljónir króna vegna ársins 1999. Lækkun milli ára nam því 4,9%.

**Skilagjald**

Álagt skilagjald á einnota umbúðir drykkjarvara sem framleiddar voru eða átappaðar hér á landi nam 386 milljónum króna vegna ársins 2000. Skilagjald ákvarðað við innflutning nam 140 milljónum króna. Alls nam skilagjald ársins 2000

því 526 milljónum króna, samanborið við 451 milljónir króna vegna ársins 1999. Hækkun milli ára nam því 16,6%.

**Pungaskattur**

Gjaldadeild annast álagningu þungaskatts með tilheyrandi kærumeðferð, upplýsingagjöf og eftirliti. Pungaskattur er ákvarðaður með tvennum hætti. Annars vegar fast gjald og hins vegar gjald fyrir hvern ekinn kílómetra. Gjaldhæð innan hvors skattflokks ræðst af þyngd bifreiðar. Fast gjald er ákvarðað fyrirfram fyrir hálf ár í senn. Kílómetragjald er ákvarðað eftirá fyrir þriðjung árs í senn. Fast gjald var lagt á vegna um 13.800 bifreiða á árinu 2000, samanborið

	2000 m.kr.	1999 m.kr.	Hlutfallsleg breyting
<b>Velta</b>			
Velta til 14,0% skatts	177.338	171.580	3,36%
Velta til 24,5% skatts	656.561	595.049	10,34%
Skattskyld velta, áætluð	94.936	22.906	314,46%
Undanþegin velta	313.836	280.546	11,87%
<b>Heildarvelta</b>	<b>1.242.671</b>	<b>1.070.081</b>	<b>16,13%</b>
<b>Virðisaukaskattur</b>			
Innskattur	157.732	143.989	9,54%
Útskattur (án áætlana)	185.685	169.808	9,35%
Útskattur áætlaður	22.996	5.536	315,39%
Álag	2.567	968	165,20%
VSK af innlendum viðskiptum	53.516	32.323	65,57%
VSK ákvarðaður við innflutning	47.087	42.178	11,64%
<b>Álagður virðisaukaskattur alls</b>	<b>100.603</b>	<b>74.501</b>	<b>35,04%</b>
<b>Endurgreiðslur</b>			
Vegna íbúðarhúsnæðis	958	600	59,85%
Til opinberra aðila	1.789	1.331	34,32%
Til orkuveitna	133	131	1,02%
Til veitingastaða	690	594	16,20%
Til erlendis búsettra	190	160	18,98%
<b>VSK að frádregnum endurgr.</b>	<b>96.843</b>	<b>71.685</b>	<b>35,10%</b>



við um 12.000 bifreiðir á árinu 1999. Kílómetragjald var lagt á vegna um 10.700 bifreiða á árinu 2000, samanborðið við um 9.800 bifreiðir á árinu 1999.

Hér fer á eftir yfirlit yfir álagðan þungaskatt á árinu 2000 og samanburður við álagningu 1999. Miðað er við stöðu álagningar í lok árs. Meðtaldar eru því þær áætlanir kílómetragjalds er þá stöðu. Um nokkurn fjölda áætlana er að ræða vegna síðasta uppgjörstímabils árs. Allar fjárhæðir eru tilgreindar í milljónum króna.

	2000	1999	Breyting
	m. kr.	m.kr.	%
Fast gjald	2.099	1.718	22,18%
Kílómetragjald	2.612	2.504	4,31%
Samtals	4.711	4.222	11,58%

Við kærumeðferð voru á árinu 2000 felldar niður 1.738 áætlanir og skattur ákvarðaður að nýju á grundvelli síðbúins álestrar af öikumælum eða breytinga á skattflokkum, samanborið við 2.086 slík mál á árinu 1999. Önnur mál vegna þungaskatts voru á árinu 2000 2.613 talsins. Þar af lauk 781 máli með skattbreytingu vegna rangra forsendna frumálagningar og 804 málum lauk með uppkvaðningu formlegra kærúrskurða. Til samanburðar má geta þess að á árinu 1999 voru skráð 1.790 mál af umræddum toga, þar af lauk 415 með skattbreytingum vegna leiðréttinga á forsendum, en 449 málum lauk með uppkvaðningu kærúrskurða. Alls voru vegna framkvæmdar þungaskatts rituð 1.862 bréf til gjaldenda á árinu 2000, samanborið við 1.326 slík bréf á árinu 1999.

## Bifreiðagjald

Eins og fyrr segir var ríkisskattstjóra á árinu 2000 falin álagning bifreiðagjalds með tilheyrandi kærumeðferð og upplýsingagjöf. Gjaldadeild lagði gjaldið á fyrsta sinni á miðju ári vegna síðari hluta ársins, en gjaldtímabil eru tvö og spanna hálf ár hvort. Bifreiðagjald var lagt á vegna um 143.000 bifreiða og nam 1.300 milljónum króna að gerðum breytingum. Um 1.500 breytingar voru gerðar á frumálagningu, en í 63 tilvikum var ósk um breytingu synjað.

## Áfengisgjald

Gjaldadeild annast álagningu áfengisgjalds á innlenda framleiðslu og eftirlit með starfsemi innlendra framleiðenda, sem voru fjórir á árinu 2000.

Þær breytingar urðu á miðju ári að sala áfengis til tollfrjálsra verslana og forðageymslna var undanþegin gjaldi í stað þess að hafa borið lækkað gjald áður.

Hér á eftir fer yfirlit yfir álagt áfengisgjald á innlendri framleiðslu á árinu 2000 og samanburður við árið 1999. Allar fjárhæðir eru tilgreindar í milljónum króna.

Gjald af:	2000	1999	Breyting
	m. kr.	m. kr.	%
Bjór	1.127	1.090	3,40
Sterku áfengi	198	576	-65,63
Samtals	1.326	1.666	-20,41

Áfengisgjald ákvarðað við innflutning nam á árinu 2000 4.470 milljónum króna. Samtals nam áfengisgjald ársins 2000 því 5.796 milljónum króna, sem er 4,4% lækkun frá 6.062 milljónum króna gjaldi á árinu 1999.

# EFTIRLITSSKRIFSTOFA

Forstöðumaður: Ásgeir Heimir Guðmundsson  
Fjöldi ársverka: 6,3

Ríkisskattstjóri hefur með höndum yfirstjórn skatteftirlits eins og fram kemur í 102. gr. laga nr. 75/1981. Helstu verkefni eftirlitsskrifstofu ríkisskattstjóra eru að hafa umsjón með skipulagi eftirlits, gerð samræmdra eftirlitsáætlana og leiðbeininga og sjá um söfnun, greiningu og úrvinnslu upplýsinga úr eftirlitsáætlunum. Þá fylgist eftirlitsskrifstofa með eftirlitsstörfum starfsmanna skattkerfisins, hefur umsjón með greiningu atvinnugreina, og prófar og þróar aðferðir við skatteftirlit.

Eftirlitsskrifstofa hefur einnig umsjón með upplýsingaskiptum við erlend skattyfirvöld, framsendingu ábendinga á milli skattumdæma og umsjón með skoðun og afgreiðslu erinda sem tengjast fyrirkomulagi bókhalds og tekju-skráningar. Auk þess fylgist skrifstofan með þróun á tölvukerfum/tölvuhugbúnaði og hverskonar pappírslausum viðskiptum í atvinnulífinu.

Á síðustu misserum hefur eftirlitsskrifstofa fengið fleiri verkefni, eins og eftirlit með iðgjaldagreiðslum í lífeyrissjóði og sundurliðun búnaðargjalds.

## Eftirlitsáætlun, leiðbeiningagerð og handbók

Á hverju ári gera ríkisskattstjóri og skattstjórar sérstaka áætlun um skatteftirlit. Þessi áætlun hefur verið nefnd Eftirlitsáætlun skattstjóra og ríkisskattstjóra, skammstafað ESR.

Á árinu 2000 var ákveðið að ljúka ESR 1999-2000, áður en ný eftirlitsáætlun yrði gerð, en nota tímunn þess í stað í að endurmeta gerð slíkra áætlana, m.a. með hliðsjón af væntanlegri reglugerð um skatteftirlit og skattranssóknir.

Unnið var að gerð leiðbeininga í tengslum við ESR 1999-2000, sem inniheldur almennar leiðbeiningar um ýmis atriði sem upp geta kom-

ið við framkvæmd eftirlitsins. Samdir voru nýir kaflar og eldri kaflar endurskoðaðir.

Lokið var við heildarendurskoðun á „Handbók um skatteftirlit“ og kom sú handbók út í júní.

## Staðlað skattframtal rekstraraðila

Á árinu 2000 fór fram veruleg vinna í tengslum við skattframtal rekstraraðila, RSK 1.04. Um var að ræða framhald á vinnu við hönnun og frágang eyðublaða, ritun leiðbeininga, gerð dæma og kynningarstarf.

Starfsmenn eftirlitsskrifstofu sáu að verulegu leyti um uppfærslu eyðublaðsins milli ára og leiðbeiningabæklings með því, sem og prófarkalestur og undirbúning fyrir prentun.

Þá var fram haldið þróun og prófun sérstaks framtalsforrits, sem gerir rekstraraðilum kleift að telja fram á tölvutæku formi og skila niðurstöðunum á disklingi eða með tölvupósti.

Á árinu 2000 tók starfsmaður eftirlitsskrifstofu þátt í vinnu starfshóps vegna framtalsskila einstaklinga í rekstri. Starfshópurinn vann að gerð nýs, staðlaðs rekstrarframtals (RSK 4.11), sem ætlað er einstaklingum í rekstri.

## Eftirlits- og valkerfið ELVA

Unnið var að áframhaldandi þróun á Eftirlits- og valkerfi (ELVA) til notkunar við vélræna úrvinnslu rekstrarframtalsins. Má þar einkum nefna gerð tölvutækra reglna, sem notaðar verða við álagningar-skoðun og frekara eftirlit. Farið var út í vélræna regluprófun einstaklingsframtala sem skil að var á rafrænu formi á internetinu eða með tölvupósti. Mikil vinna fór í þróun ELVA-kerfisins, reglumíðar o.fl. vegna þessa verkefnis.

Þessi verkefni hafa verið unnin í samvinnu og samráði við tæknideild, skattaskrifstofu, gjaldaskrifstofu, skattstjóra, endurskoðendur,



bókara o.fl. Að auki unnu starfsmenn fyrirtækjanna WM-data og EMR að þróun tölvukerfa.

### Eftirlit með iðgjaldagreiðslum

Með lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, sem tóku gildi 1. júlí 1998, var ríkisskattstjóra falið að hafa eftirlit með því að lífeyrisiðgjald sé greitt vegna hvers einstaklings sem skyldutrygging lífeyrisréttinda nær til. Í lok ársins 1999 var skipaður starfshópur til að gera tillögur að heildarskipulagi eftirlits ríkisskattstjóra. Á grundvelli vinnu starfshópsins var á árinu 2000 aflað upplýsinga frá lífeyrissjóðum um greidd iðgjöld einstaklinga vegna ársins 1999. Þær upplýsingar voru síðan keyrðar saman við upplýsingar úr framtölum einstaklinga, n.t.t. við tíund af iðgjaldsstofni sem saman stendur af launum, reiknuðu endurgjaldi og atvinnuleysisbótum. Í ljós kom að 10.452 einstaklingar, að teknu tilliti til ákveðinna vikmarka, reyndust með vangoldin iðgjöld. Listar yfir einstaklinga með vangoldin iðgjöld voru sendir viðeigandi lífeyrissjóðum. Þeir einstaklingar sem ekki voru merktir lífeyrissjóði voru sendir Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda. Lífeyrissjóðirnir sjá alfarið um innheimtu á hinum vangoldnu iðgjöldum og hefur Fjármálaráðuneytið gefið út reglur til þess að samræma vinnubrögð þeirra.

### Upplýsingaskipti á milli landa

Eftirlitsskrifstofa annast upplýsingaskipti við erlend skattfirvöld. Annars vegar er um að ræða reglulegar upplýsingar um tekjur og eignir einstaklinga en hins vegar tilfallandi eða „spondant“ upplýsingar sem aðallega varða rekstrar aðila. Á síðasta ári bárust eftirlitsskrifstofu 17 erindi um tekjur einstaklinga sem framsend voru skattstjórum.

Eftirlitsskrifstofa hefur séð um útsendingu upplýsinga um einstaklinga sem hafa tekjur hér á landi en eru með heimilisfesti í öðru landi og bera því takmarkaða skattskyldu hérlandis. Sendar hafa verið upplýsingar til þeirra landa sem við fáum upplýsingar frá, en það eru Norðurlöndin, Bretland, Þýskaland, Frakkland og Bandaríkin.

Tilfallandi upplýsingar eru upplýsingar sem upp koma við skatteftirlit. Því getur bæði verið um að ræða eftirlitsupplýsingar sem íslensk skattfirvöld framsenda skattfirvöldum á Norðurlöndum og sem íslensk skattfirvöld fá framsend frá Norðurlöndunum, eða beiðnir frá einu landi til annars um að veita upplýsingar um tiltekinn aðila. Eftirlitsskrifstofa framsendi 12 erindi til eftirlitseininganna sem bárust frá erlendum skattfirvöldum.

### Bókhald og tekjuskráning

Það færir stöðugt í vöxt að rekstraraðilar sækja um undanþágu frá hefðbundinni tekjuskráningu, þ.e. frá sjóðvélum og reikningum í þríriti, enda sjá slíkir aðilar meira hagræði í því að nota önnur tekjuskráningar- og upplýsingakerfi.

Á árinu 1999 var gefin út reglugerð um rafrænt bókhald, geymslu rafrænna gagna, og lágmarkskröfur til rafrænna bókhaldskerfa, en sú reglugerð heimilar að færslur í bókhaldi séu byggðar á rafrænum skjölum. Einnig voru gerðar breytingar á reglugerð um bókhald og tekjuskráningu virðisaukaskattsskyldra aðila.

Á árinu 2000 voru undirbúnar breytingar á fyrrnefndum reglugerðum. Með þeim verður skerpt á kröfum til seljenda rafrænna bókhaldskerfa og gerðar verða ríkari og ítarlegri kröfur en áður til forms þeirra tekjuskráningargagna sem legið geta til grundvallar innskatti í bókhaldi.

Af 122 tekjuskráningarerindum (ts-erindum) sem bárust á árinu 2000 var 110 svarað.

Í árslok var því ósvarað 12 ts-erindum sem bárust á árinu 2000, þar af er beðið nánari upplýsinga frá umsækjendum vegna 5 þessara erinda. Af ts-erindum sem bárust 1999 er eftir að svara 8 erindum, þar af er beðið gagna vegna 3 erinda. Alls var því ósvarað 20 ts-erindum í árslok.

### Bifreiðahlunnindaátak

Um mitt ár 2000 fór af stað bifreiðahlunnindaátak ríkisskattstjóra og skattstjóra. Úrtak var unnið upp úr ökutækjaskrá, þar sem reynt var að finna þær bifreiðar sem líklegt þótti að notaðar væru til hlunninda fyrir starfsmenn. Alls lentu í úrtakinu 5.799 bifreiðar sem voru í eigu 3.141 aðila. Eftirlitsskrifstofa sendi skattstjórum lista yfir þá rekstraraðila sem lentu í úrtakinu, ásamt bifreiðaeign viðkomandi rekstraraðila og hversu mikil bifreiðahlunnindi þeir greiddu. Í samráði við skattstjóraembættin var ákveðið, að eftirlitsskrifstofa myndi senda þeim launagreiðendum, sem lentu á þessum lista bréf, þar sem aðilar voru hvattir til að gera grein fyrir notkun á bifreiðunum og skila bifreiðahlunnindamiða RSK 2.035. Skattstjórinn í Reykjavík sá þó sjálfur um útsendingu þessara bréfa í sínu umdæmi. Meginmarkmiðið með þessu átaki er annars vegar að koma aðilum í skilning um að þeir þurfi að skila bifreiðahlunnindamiðum árlega, hvort sem um einkanot af bifreiðunum er að ræða eða ekki og hins vegar að meta hversu réttmæt þau tilfelli eru, þar sem aðilar tilgreina takmörkuð eða engin afnot af þessum bifreiðum.

Skattstjórar hafa framsent eftirlitsskrifstofu mörg tilfelli þar sem takmörkuð eða engin afnot starfsmanna eru tilgreind. Eftirlitsskrifstofan ætlar að skoða þau tilfelli með það fyrir augum að samræmi verði í framkvæmd málanna í framhaldinu. Eftirlitsskrifstofa ætlar einnig að gera tillögur um, hvernig eftirlit með hlunninda-bifreiðum geti verið sem skilvirkast og árangursríkast í náinni framtíð.

### Fjármagnstekjuskattur

Í kjölfar upptöku skatts á fjármagnstekjur voru

fjármálastofnunum sendar fyrirspurnir um innstæður, vaxtatekjur og afdregna staðgreiðslu fjármagnstekjuskatts viðskiptavina þeirra, skv. úrtaki sem í voru 1346 einstaklingar. Markmið með þessum eftirlitsaðgerðum var tvíþætt. Annars vegar að kanna hvernig upplýsingar um innstæður, vaxtatekjur og afdregna staðgreiðslu fjármagnstekjuskatts skiluðu sér á skattframtöl einstaklinga. Hins vegar að athuga hvort upplýsingagjöf og réttmæti afdráttar staðgreiðslu af vöxtum hjá einstökum skilaskyldum aðilum væri rétt.

Niðurstöður úr athugun eftirlitsskrifstofu gáfu skýrt til kynna að töluverður misbrestur er á að einstaklingar telji fram allar innstæður sínar og vaxtatekjur. Afdráttur staðgreiðslu af vöxtum hjá þeim skilaskyldu aðilum sem voru til skoðunar virtist í meirihluta tilfella vera nákvæmlega réttur.

### Vettvangseftirlit

Í lok ársins var starfsmaður fluttur frá skatt- eftirliti ríkisskattstjóra til eftirlitsskrifstofu. Hlutverk hans verður að sinna vettvangseftirliti sem felst í því að starfsmaður verður sífellt á vettvangi að kanna hvort fyrirtæki og rekstur sé skráður, hvort tekjuskráning sé í lagi, hvort velta rekstrarins sé eðlileg og hvort starfsmenn á vinnustað séu allir skráðir. Einnig mun starfsmaðurinn kanna tekjufærslu og bókhald í einhverjum tilfellum.

Vettvangseftirlitið verður í öllum skattum- dæmum landsins eftir ákvörðun forstöðumanns og í samráði við skattstjóra umdæmanna. Eftirlitsskrifstofa mun gera skattstjórum og eftirlits- einingum þeirra grein fyrir niðurstöðum úr þessum athugunum, taka saman lista yfir þá aðila sem reyndust í lagi og þá sem skoða þarf frekar af eftirlitseiningunum.

### Búnaðargjald

Á árinu 2000 var ríkisskattstjóra falið að vinna að samantekt heildartalna um skiptingu tekna af búnaðargjaldi milli einstakra búgreina samkvæmt fyrirliggjandi sundurliðunum úr framtölum búnaðargjalds. Skattstjórar leggja á búnaðargjald og ber gjaldskyldum aðilum að sundur-

liða gjaldstofn sinn eftir búgreinum og á grundvelli þeirrar sundurliðunar er tekjum af búnaðargjaldi skipt á milli einstakra sjóða og samtaka landbúnaðarins.

Eftirlitsskrifstofa aflaði upplýsinga um álagt búnaðargjald á árinu 1999 frá skattstjórum og sundurliðun gjaldstofns eftir búgreinum skv. framteljendum. Var sundurliðuninni verulega ábótavant sem leiddi til töluvert meiri vinnu en áætlað var. Voru niðurstöðurnar sendar Ríkisbókhalði. Bændasamtök Íslands vildu, auk skiptingar á milli einstakra búgreina, einnig fá skiptingu eftir sveitarfélögum og var orðið við þeirri beiðni.

### Ýmis önnur mál

Eftirlitsskrifstofa vann að fjölmörgum öðrum málum á árinu og skulu þau helstu tíunduð.

#### **Arðgreiðslur til erlendra aðila.**

Á síðustu mánuðum ársins 2000 tók ríkisskattstjóri saman upplýsingar um staðgreiðslu af arði til aðila sem bera takmarkaða skattskyldu hérlendis. Um var að ræða arðgreiðslur vegna tekjuársins 1999. Niðurstöðurnar voru framsendar skattstjórum/skatteftirlitseiningunum til frekari vinnslu.

#### **Eignarskattsfrjáls verðbréf.**

Unnið var að gerð reglna fyrir verðbréfasjóði, sem þeir þurfa að fara eftir til þess að nafn þeirra verði birt í leiðbeiningum með skattframtali, en þar eru tilgreindir þeir sjóðir sem uppfylla skilyrði eignarskattsfrælsis. Einstaklingum er heimilt að draga frá eignum sínum hlutdeildarskírteini í þessum verðbréfasjóðum, enda eru þeir eingöngu myndaðir af tilteknum ríkisbyggðum skuldaviðurkenningum.

#### **Gagnasöfnun vegna skattframtala - hlutabréfaviðskipti og arðgreiðslur.**

Eftirlitsskrifstofa kom að gerð tveggja nýrra eyðublaða, RSK 2.025 - Greiðslufirlit yfir hvers konar greiðslur til aðila sem bera takmarkaða skattskyldu hér á landi og RSK 2.08 - Upplýsingar um viðskipti með hlutabréf á árinu 2000 frá fjármálastofnunum og öðrum sem annast kaup, sölu, umboðsviðskipti og aðra umsýslu með hlutabréf.

### Ábendingar

Nokkuð er um að ábendingar berist eftirlitsskrifstofu um hugsanlegar rangfærslur eða undandrætt frá sköttum. Á árinu 2000 bárust eftirlitsskrifstofu 98 almennar ábendingar varðandi undandrætt eða skattsvik. Af þeim voru 74 sendar skatteftirliti ríkisskattstjóra og skattstofunum í Reykjavík og Hafnarfirði, 6 voru teknar til athugunar eða vinnslu hjá upplýsingasviði, 1 ábending gaf ekki tilefni til frekari athugunar og 17 ábendingar sem vinna þarf betur úr, verða sendar út á árinu 2001. Útsendar ábendingar voru því alls 78 á árinu.

### Fylgst með þróun tölvukerfa og hugbúnaðar

Þróun tölvukerfa og hugbúnaðar er ör og mikilvægt að fylgjast vel með henni og þeim áhrifum sem hún hefur á skattframkvæmd. Sem dæmi má nefna viðskipti á Veraldarvefnum (E-Commerce), þróun sem á sér stað í pappírslausum viðskiptum og þróun í bókhalds- og upplýsingakerfum. Á síðasta ári var kynnt fyrir starfsmönnum eftirlitsskrifstofu og eftirlitseinigganna greiningarforritið Sesam, sem hægt er að nota við tölvuendurskoðun og hentar vel þegar skoðuð eru lítil fyrirtæki. Viðstöddum leist vel á forritið en tíminn verður að leiða í ljós hvort það sé heppilegt fyrir íslenskar aðstæður.

### Fundir og ráðstefna

Eftirlitsskrifstofa stóð fyrir ráðstefnu og fundi á árinu. Í lok maí var haldin ráðstefna þar sem aðal umræðuefnið var notkun tölvuhugbúnaðar við skatteftirlit. Um er að ræða samvinnuverkefni nokkurra landa sem nota hugbúnaðarlausnir sem þróaðar hafa verið dönskum skattfyrirvöldum og norrænu tölvufyrirtæki.

Um miðjan júní var síðan haldinn samnorrænn fundur um tölvuendurskoðun, sem eins og nafnið bendir til fjallar aðallega um tölvutækjar skoðanir á bókhaldsgögnum rekstraraðila.

Í september var sóttur árlegur fundur yfirmanna skatteftirlits á Norðurlöndum sem haldinn var í Finnlandi.



# SKATTEFTIRLIT RÍKISSKATTSTJÓRA

Forstöðumaður: Guðni Ólafsson  
Fjöldi ársverka: 7,8

Skatteftirlit ríkisskattstjóra sinnir skatteftirliti í skattumdæmum utan Reykjavíkur- og Reykjanesumdæmis, í samvinnu og samráði við skattstjóra viðkomandi umdæma. Sérstakur eftirlitsfulltrúi er staðsettur hjá skattstjóranum í Vesturlandsumdæmi og sinnir hann eftirliti í því umdæmi undir stjórn skattstjóra. Í desembermánuði flutti starfsemi skatteftirlits ríkisskattstjóra úr Nóatúni 17 upp á Laugaveg 166, í húsnaði ríkisskattstjóraembættisins.

## Deildir

Starfsemi skatteftirlits ríkisskattstjóra er formlega skipt upp í tvær deildir, annars vegar eftirlitsdeild og hins vegar úrskurðadeild. Eftirlitsdeildin sér um skatteftirlit, sem felur í sér m.a. heimsóknir á starfsstöðvar gjaldenda í vettvangs- og bókhaldsskoðanir, ritun fyrirspurnarbréfa og boðunarbréfa um gjaldabreytingar. Úrskurðadeildin sér um að endurákvarða í þeim málum sem fá slíka meðferð, auk þess að framkvæma skýrslutökur. Ennfremur aðstoða starfsmenn úrskurðadeildar við skatteftirlit.

## Skipting verkefna

Eftirlitsverkefnum er skipt í eftirlit innan ársins annars vegar og eftirlit eftir álagningu hins vegar. Eftirlit innan ársins getur beinst að þeim sköttum sem standa skal skil á innan ársins, þ.e. virðisaukaskatti, staðgreiðslu, tryggingagjaldi og vörugjaldi. Eftirlitið getur falist í reglulegu og sértæku eftirliti. Reglulegt eftirlit felst þannig í almennri könnun á skilum eins eða fleiri tímabila, á meðan sértækt eftirlit felst í því að kanna afmarkaða þætti innan hvers skattflokks, t.d. ef eingöngu er kannaður innskattur í virðisaukaskattsskilum viðkomandi. Með eftirliti eftir álagningu er átt við gagnrýna endurskoðun á framtölum gjaldenda. Þetta eftirlit skiptist einnig í reglulegt eftirlit, sem felst í að skoða skattskil gjaldanda almennt, og sértækt eftirlit, sem felst í skoðun afmarkaðra atriða sem tengjast skattskilum fyrri ára hjá gjaldendum.

## Verkefni ársins

Vegna fjölda fyrirbyggjandi mála frá skattstjórum og mála sem upp komu á árinu, var ekki í gangi á árinu 2000 nein samræmd eftirlitsáætlun ríkisskattstjóra og skattstjóra. Á árinu var því fyrst og fremst unnið í þeim málum sem skattstjórar vísuðu til skatteftirlits ríkisskattstjóra.



### Afgreiðsla mála hjá skatteftirliti ríkisskattstjóra

Í lang flestum tilvikum afgreiðir skatteftirlit ríkisskattstjóra þau mál sem unnið er að á þann hátt að þeim er lokið á því stjórnslustigi, þ.e.a.s. að ef tilefni er til breytinga á opinberum gjöldum í framhaldi af skoðun, þá framkvæmir skatteftirlit ríkisskattstjóra þá breytingu. Máli lýkur þá með úrskurði um endurákvörðun, sem kærannlegur er til yfirkattanefndar. Ekki er þó útilokað að skattstjórar annist gjaldabreytingar í tilteknum málum.

### Tölulegar upplýsingar

Breytingar á opinberum gjöldum og virðisaukaskatti samkvæmt endurákvörðunum:

	2000	1999
Opinber gjöld	30.474.938	18.955.035
Virðisaukaskattur	9.459.612	14.505.929
Tryggingagjald	217.547	-
Lækkun yfirfæranlegs taps	9.105.754	17.258.583

#### Málafjöldi:

Stofnuð ný mál á árinu	247	276
Í vinnslu f. f. ári	132	143
Lokið á árinu	138*	209*
Endurákvörðanir	52	76
Framsent til SRS	4	2
Í vinnslu um áramót	185	132

\*Hér er átt við mál sem lokið var án athugasemda eða með áminningarbréfi. Fjöldi endurákvörðana er hér ekki meðtalin.

# SKATTAFRÆÐSLA RSK

Hrefna Einarsdóttir fræðslustjóri

## Inngangur

Skattafræðslan hefur yfirumsjón með fræðslustarfsemi skattkerfisins. Hún skipuleggur námskeið fyrir stofnanir þær sem hafa með höndum skattaframkvæmd svo og fyrir aðrar stofnanir eða hópa sem óska eftir fræðslu á þessu sviði. Í starfinu felst að gera áætlanir um námskeið og yfirlit yfir fræðsluefni, gerð kennsluefnis og umsjón með kennslugögnum auk þess að semja við leiðbeinendur og stofnanir sem að fræðslunni koma. Önnur verkefni koma einnig til kasta skattafræðslu og má þar helst til nefna gerð verklagsreglna og leiðbeininga- og kynningarbæklinga. Þá er ritstjórn Tíundar, fréttablaðs ríkisskattstjóra, í höndum skattafræðslu.

## Áramótavinnsla 1999-2000

Í áramótavinnslunni kom í hlut skattafræðslu að sjá um gerð leiðbeininga með skattframtali einstaklinga, endurskoðun nokkurra eyðublaða og umsjón með auglýsingum um framtalsfresti einstaklinga.

## Námskeið fyrir nýja í rekstri

Námskeiðahald á árinu 2000 var tvíþætt. Annars vegar voru reglubundin námskeið fyrir einstaklinga sem eru að hefja atvinnurekstur og hins vegar starfsfræðslunámskeið fyrir starfsfólk skattyfirvalda. Í ársbyrjun var byrjað að bjóða upp á námskeið um almenn skattskil, tekju-skráningu og reikningaútgáfu og virðisaukaskatt fyrir þá sem eru að hefja atvinnurekstur. Til að byrja með stóð var námskeiðunum skipt í tvo hluta sem hvor stóð yfir í 8 kennslustundir. Þessi námskeið eru nýjung, en áður höfðu verið í boði námskeið um virðisaukaskatt og var umsjón með þeim í höndum gjaldaskrifstofu.

Námskeiðin voru auglýst í dagblöðum og strax kom í ljós að eftirspurnin var mikil og að jafnaði voru haldin tvö námskeið í mánuði í Reykjavík auk þess sem haldin voru námskeið á Akureyri, Egilsstöðum og Ísafirði. Um 400 manns sóttu þessi námskeið á árinu 2000.

Auk þessara námskeiða var boðið upp á námskeið fyrir einstaka hópa, t.a.m. voru haldin sérsniðin námskeið fyrir löntæknistofnun og Íþróttasamband Íslands.



### Starfsfræðslunámskeið

Árlega eru haldin starfsfræðslunámskeið fyrir starfsfólk skattýfirvalda. Umfang námskeiðanna fer nokkuð eftir því hversu miklar breytingar og nýjungar eru á döfinni. Að þessu sinni voru haldin 15 starfsfræðslunámskeið á haustönn og sóttu þau 289 starfsmenn. Leiðbeinendur sem komu að þessum námskeiðum voru 18.

Námsefnið var aðallega með hefðbundnum hætti, námskeið um tölvutæk framtalsskil, bréfaskriftir og íslenskt mál, tekjuskráningu bókhald og rekstrarkostnað, stjórnsýslulögin, valréttarsamninga, nýtt tölvubókhaldskerfi, samningu lagafrumvarpa og reglugerða og skattaréttarleg hugtök á ensku.

Upplýsingar um námskeiðin voru settar á intranetið og gengið var frá nýju skráningarkerfi sem gerir það að verkum að þátttakendur geta skráð þátttöku sjálfir.

### Tíund

Tíund hélt áfram göngu sinni og á árinu komu út tvö tölublöð, í maí og í ágúst. Blaðið var með hefðbundnu sniði, greinar, viðtöl og almennur fróðleikur um skattamál.

### Önnur verkefni

Ýmis önnur tilfallandi verkefni eru á höndum skattafræðslu og má þar nefna upplýsingagjöf, svör við fyrirspurnum, ýmis verkefni í tengslum við afgreiðslu skatterinda, úrvinnsla úr tölulegum upplýsingum, skýrslugerð og vinna í sambandi verklagsreglur o.þ.h.

# TÆKNIDEILD

Forstöðumaður: Ómar Ingólfsson  
Fjöldi ársverka: 12,4

Hjá tæknideild starfa 13 manns. Deildin skiptist í þrjú svið; vélbúnaðar-, hugbúnaðar- og rekstrarsvið. Á árinu voru ráðnir á hugbúnaðarsvið Bragi L. Hauksson, deildarstjóri og Ævar Ísberg auk þess sem Viðar Jónsson fluttist undir sviðið. Í stað hans var ráðin á rekstrarsvið Guðrún Elfa Þórðadóttir. Verkefni tæknideildar eru að sjá um og hafa eftirlit með smíði og rekstri alls hugbúnaðar fyrir skattkerfið, rekstur gagnaflutningsnets og viðhald og þjónusta í kringum vélbúnað embættisins, skattstofa og yfirskattanefndar.

## Hugbúnaðarmál

Á árinu var unnið að því að koma rekstri og viðhaldi tölvukerfa embættisins í traustara horf og koma böndum á kostnað. Mikil þensla var á hugbúnaðarmarkaði og því var lögð áhersla á að gera fasta samninga um verk og festa taxta.

Mikil áhersla var lögð á eflingu áætlanagerðar og eftirlits og var útbúin Hugbúnaðaráætlun ríkisskattstjóra 2000-2001 sem lögð var fyrir fjármálaráðuneyti í mars sem einn liður í fjárlagagerð.

Áhersla á rafræn skil og sjálfvirka og tölvustudda vinnslu er sífellt að aukast. Góður árangur hefur náðst, en veruleg sóknarfæri eru enn fyrir hendi. Stærstu verkefni ársins voru þróun vefframtsals og Sögukerfis, foráritun upplýsinga á framtal einstaklinga og regluprófun framtala. Ýmsar breytingar þurfti að gera á Upplýsingakerfi RSK vegna nýs tekjubókhaldskerfis. Þar vóg þyngst yfirtaka fyrirframgreiðslu skatta utan staðgreiðslu frá Ríkisbókhaldi.

Á framtal 2000 voru áritaðar upplýsingar frá Tryggingastofnun, lífeyrissjóðum og Atvinnuleysisstryggingasjóði og undirbúið að bæta inn á

framtal 2001 upplýsingum frá Fasteignamati ríkisins, LÍN, Skráningarstofu (ökutæki) og frá hluta launagreiðenda.

Á árinu 2000 var unnið að undirbúningi raf-rænna skila á virðisaukaskatti sem verða almennt möguleg eftir mitt ár 2001. Til staðfestingar á skilum verða fyrst um sinn notaðir veflyklar til þess að tryggja öryggi.

## Gagnaflutningar

Á árinu 2000 var svo komið að gagnaflutningar voru orðnir alvarlegur flöskuháls í vinnslu og framþróun innan skattkerfisins. Þá var skipaður starfshópur til að gera úttekt á flutningsgetu og öryggismálum á víðneti RSK.

Víðnetið var byggt upp á árunum 1992 til 1995. Tengingar við skattstofurnar voru að mestu í gegnum Háhraðanet Landssímans en að hluta í gegnum leigulínur. Síðan netið var sett upp hafa þarfirnar margfaldast og kröfur um öryggi aukist. Á sama tíma hafa komið fram nýjar og öflugri flutningsleiðir.

Að úttekt lokinni var tekin ákvörðun um að bjóða út gagnaflutninga á víðneti RSK. Útboðið fór fram í desember og voru tilboð opnuð skömmu fyrir áramót.

## Endurnýjun vélbúnaðar

Kröfur til vélbúnaðar og staðlaðs hugbúnaðar hafa aukist mjög á undanförunum 2-3 árum. Sérstaklega á þetta við um einmenningsvélar. Meirihluti tölvukosts skattkerfisins eru leiguvélar sem allar voru á gildandi samningum fram á árið 2001. Fjárveiting til endurnýjunar á vélbúnaði skattkerfisins var bundin í umræddum samningum og endurnýjun á árinu var því í lágmarki.



Á árinu voru stýrikerfi einmenningstölva og netþjóna uppfærð. Ýmis önnur forrit voru uppfærð eða sett upp s.s. skrifstofukerfi (Lotus Notes), vírusvörn (Lykla-Pétur) og skjáhermir til tengingar við Skýrr (Reflection). Þá fóru fram lagfæringar á forriti til fjarþjónustu við notendur (DTA) og grunnforritið fært af Unixvél á NT-vél.

Ástandið í öryggis- og rekstrarmálum var fært til betri vegar. Keyptar voru tvær afritunarstöðvar til afritunar á Lotus Notes og Oracle. Diskaspeglun var sett upp þar sem hægt var að koma því við.

Pegar skatteftirlit RSK fluttist úr leiguhúsnæði yfir á Laugaveg 166 þurfti að reikna með auknu álagi á netþjón. Til að mæta því var örgjörva bætt í vélina.

Samkvæmt vélbúnaðaráætlun til næstu ára átti að endurnýja netþjón á árinu 2001. Aukningin á rafrænum skilum framtala hafði hins vegar í för með sér aukið álag á vélina sem dró úr vinnsluhraða og stofnaði öryggi gagna í hættu. Áætlað hafði verið að endurnýja bæði netþjón á skattstofunni á Akranesi og gagnagrunnsnetþjón viðnetsins, Dagmar, á næsta ári. Með því að færa endurnýjun Dagmar fram á árið 2000 voru tvö mál leyst í einu, þ.e. að tryggja skattkerfinu öflugan gagnagrunnsnetþjón um leið og þörf skattstofunnar á Akranesi fyrir öflugri netþjón var leyst með því að flytja þangað eldri gagnagrunnsnetþjóninn.

Í febrúar var Oracle gagnagrunnskerfið yfirfarið í hívétna og í framhaldinu voru gerðar lagfæringar á því. Þá var gerður eftirlitssamningur við þjónustuaðilann Teymi. Í nóvember var Oracle (útgáfa 8.1.6) sett upp á nýja netþjóninn sem getið er um að framan.

Yfirskattanefnd flutti í nýtt húsnæði á árinu. Í tengslum við þá flutninga var hluti net- og tölvubúnaðar endurnýjaður.

Á síðasta ári var unnið að endurskoðun vélbúnaðarmála. Sett var upp áætlun til fimm ára sem leiddi af sér óskir um verulega aukningu fjárveitingar, en þær höfðu verið óbreyttar frá 1993. Þessar tillögur fengu stuðning fjármálaráðuneytis og voru samþykktar á Alþingi.

### Staðgreiðsla – giróseðlar – orðsendingar

Á árinu voru áritaðir og sendir út um 447.000 giróseðlar. Þá voru áritaðar liðlega 116.000 sundurliðanir sem sendar voru launagreiðendum.

Staðgreiðsluyfirlit var fært inn á álagningar-seðlana, en ekki sent launamönnum sérstaklega. Orðsendingar og upplýsingabréf sem voru send til allra launagreiðenda, voru alls 273.500 í 17 sendingum.

### Skattheyðublöð – álagningarseðlar

Áritun og útsendingar framtalseyðublaða álagningar 1999 voru: Skattframtöl manna 151.285, skattframtöl barna 11.828, skattframtöl lögaðila 17.742, launaframtöl manna og lögaðila 13.800, samtalningsblöð hlutafjármiða 15.071.

Áritun og útsendingar álagningarseðla til manna og barna voru 219.360, til lögaðila 13.223 og álagningarseðlar tryggingagjalds 37.988.

### Leiðrétting á staðgreiðslu

Á árinu bárust 957 umsóknir um leiðréttingu á staðgreiðslu launamanna, en það er 56 umsóknum fleiri en árið áður. Af þessum umsóknum voru 833 samþykktar.

# ÚR DAGBÓK RSK

## JANÚJAR

### Skattframtöl

Árituð voru um 191.000 skattframtöl fyrir menn, börn og lögaðila. Skattstjórar annast dreifingu þessara gagna ásamt leiðbeiningum.

### Álagning

Álagning fasts gjalds þungaskatts (13.000 ökutæki).

### Orðsendingar

Orðsending varðandi þungaskatt nr. 1 um fast gjald þungaskatts.

Orðsending varðandi þungaskatt nr. 2 um álestrartímabil 20. janúar til 10. febrúar.

Orðsending vegna virðisaukaskatts nr. 1 um skýrsluskil í tengslum við skattframtal 2000.

Orðsending vegna virðisaukaskatts nr. 2 um ársskil.

Orðsending til launagreiðenda nr. 1 um staðgreiðslu 2000

Orðsending til launagreiðenda nr. 2 um skattmat í staðgreiðslu 2000

### Tölvusamfella

Vsk-lagasamfella á tölvutæku formi endurútgefin, útgáfa 5a.

## FEBRÚJAR

### Álagning

Álagning kílómetragjalds þungaskatts (10.000 ökutæki).

### Netframtal

Skattframtal einstaklinga opnað á netinu.

### Ný þjónusta

Boðið upp á uppfléttingu í vsk-skrá á rsk.is

## MARS

### Skýrsla

Skýrsla nefndar um framkvæmd virðisaukaskatts, rit fjármálaráðuneytis nr. 2000-1.

### Orðsendingar

Orðsending til launagreiðenda nr. 3 um hækkun á persónuafslætti

## APRÍL

### Lagabreytingar

Lög nr. 26/2000, um breytingu á lögum um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, nr. 52/1989. Breytingar á skilagjaldi og umsýsluþóknun.

Lög nr. 31/2000, um breytingu á lögum nr. 3/1987, um

fjáröflun til vegagerðar. Varða gjaldskrárbreytingu auk ýmis konar breytinga á þungaskatti.

Lög nr. 37/2000, um breytingu á lögum nr. 39/1988, um bifreiðagjald. Með þeim voru undanþágur settar í lög, álagning og framkvæmd laganna færð til skattayfirvalda og málsmeðferðarreglur bættar.

### Orðsendingar

Orðsending til launagreiðenda nr. 4 um kílómetragjald og dagpeninga

## MAÍ

### Lagabreytingar

Lög nr. 103/2000, um breytingu á lögum nr. 97/1987, um vörugjald. Breytingar á nokkrum gjaldflokkum.

Lög nr. 104/2000, um breytingu á lögum um álagningu gjalda á vörur. Lög geyma m.a. breytingar á sviði virðisaukaskatts.

Lög nr. 105/2000, um breytingu á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt. Breytingar gerðar í kjölfar skýrslu nefndar um framkvæmd virðisaukaskatts frá mars 2000.

### Reglugerðabreytingar

Reglugerð nr. 368/2000, um söfnun, endurvinnslu og skilagjald á einnota umbúðir fyrir drykkjarvörur. Kom í stað eldri reglugerðar nr. 282/1994.

### Orðsendingar

Orðsending varðandi þungaskatt nr. 3 um breytingar á lögum, álestrartímabil o.fl.

Orðsending vegna skilagjalds nr. 1 um lagabreytingu 1. júní.

Orðsending vegna skilagjalds nr. 2, ný reglugerð.

### Tíund

Fyrri tölublað ársins af Tíund kom út.

### VSK - fundur

Fundur um óbæina skatta með starfsmönnum virðisaukaskattseininga.

### Reglur

Setning reglna um meðferð upplýsinga úr skattaskrá og gjaldtöku fyrir upplýsingavinnslu

### Námskeið

Námskeið um almenn skattskil og virðisaukaskatt var haldið á Ísafirði, Akureyri og Egilsstöðum. Samskonar námskeið voru yfirleitt haldin einu sinni í mánuði á höfuðborgarsvæðinu.



### Júní

Álagning kílómetragjalds þungaskatts (11.500 ökutæki).

### Orðsendingar

Orðsending til launagreiðenda nr. 5 um lífeyrissjóðsiðgjöld og dagpeninga

### JÚLÍ

#### Skattstjórafundur

Hinn árlegi skattstjórafundur með fjármálaráðuneyti og skattstjórum var haldinn á Egilsstöðum.

### Álagning

Sendir út um 219.360 álagningarseðlar vegna opinberra gjalda einstaklinga.

Álagning fasts gjalds þungaskatts (14.600 bifreiðir).

Álagning bifreiðagjalds (143.000 bifreiðir).

### Orðsendingar

Orðsending vegna virðisaukaskatts nr. 3 um lagabreytingar.

Orðsending til launagreiðenda nr. 6 um kílómetragjald og dagpeninga

### ÁGÚST

#### Tölvusamfella

Vsk-lagasamfella á tölvutæku formi endurútgefin, 6. útgáfa.

### Orðsendingar

Orðsending vegna vörugjalds nr. 1 um lagabreytingar o.fl.

### Tíund

Seinna tölublað ársins af Tíund kom út.

### SEPTEMBER

#### Orðsendingar

Orðsending varðandi þungaskatt nr. 4 um álestrartímabil 20. september til 10. október.

### Tölvumál

Samningur gerður við Skýrr um viðhald á álagningarkerfi virðisaukaskatts

### Námskeið

Þrjú námskeið fyrir starfsmenn í skattkerfinu

- Tölvutæk framtalsskil RSK 1.04
- Bréfaskriftir, íslenskt mál
- Tekjuskráning, bókhald og rekstrarkostnaður

### Október

#### Álagning

Sendir út 13.226 álagningarseðlar vegna opinberra gjalda lögaðila.

Sendir út 37.988 álagningarseðlar vegna tryggingagjalds.

Álagning kílómetragjalds þungaskatts (10.700 ökutæki).

### Námskeið

Fimm námskeið fyrir starfsmenn í skattkerfinu

- Skattaréttarleg hugtök á ensku
- Stjórnsýslulögin, málmeðferðarreglur, úrskurðir og dómar
- Valréttarsamningar
- Nýtt tekjubókhaldskerfi
- Samning lagafrumvarpa og reglugerða

### Ný þjónusta

Boðið upp á áskrift upplýsinga á rsk.is

### Prentverk

Síðari útboðsáfangi prentverka

### Húsnæðismál

Útboð innréttingar húsnæðis á 1. hæð Laugavegi 166

### NÓVEMBER

#### Orðsendingar

Orðsending til launagreiðenda nr. 7 um hlutafjármiða og launamiða

### VSK - fundur

Fundur um óbæina skatta með starfsmönnum virðisaukaskattseininga.

### Húsnæðismál

Tilflutningur skipulagseininga á Laugavegi 166

### DESEMBER

#### Orðsendingar

Orðsending til launagreiðenda nr. 8 um kílómetragjald og dagpeninga

### Lagabreytingar

Lög nr. 165/2000 um breytingu á lögum um fjáröflun til vegagerðar. Varða gjaldskrárlækkun.

### Tölvumál

Samningur gerður við Skýrr um reglubundið viðhald helstu hugbúnaðarkerfa  
Útboð gagnaflutninga fyrir víðnet skattkerfisins




# ÁLAGNING EINSTAKLINGA OG LÖGAÐILA

	2000 (þús. kr.)	1999 (þús. kr.)	Hlutfallsleg breyting	2000 Fjöldi	1999 Fjöldi	Hlutfallsleg breyting
<b>Tekjuskattur</b>	<b>53.448.471</b>	<b>48.468.605</b>	<b>10,3%</b>	<b>134.062</b>	<b>124.949</b>	<b>7,3%</b>
Einstaklingar	43.130.288	38.760.052	11,3%	127.031	118.945	6,8%
Lögaðilar	10.318.183	9.708.553	6,3%	7.031	6.004	17,1%
<b>Eignarskattur</b>	<b>4.987.093</b>	<b>3.992.692</b>	<b>24,9%</b>	<b>67.611</b>	<b>59.851</b>	<b>13,0%</b>
Einstaklingar	2.956.069	2.214.185	33,5%	60.681	53.663	13,1%
Lögaðilar	2.031.024	1.778.507	14,2%	6.930	6.188	12,0%
<b>Iðnlána- og iðnaðarmálagjald</b>	<b>211.023</b>	<b>200.063</b>	<b>5,5%</b>	<b>10.834</b>	<b>10.518</b>	<b>3,0%</b>
Einstaklingar	30.063	24.913	20,7%	6.979	7.035	-0,8%
Lögaðilar	180.960	175.150	3,3%	3.855	3.483	10,7%
<b>Sérstakur tekjuskattur</b>	<b>1.182.513</b>	<b>941.135</b>	<b>25,6%</b>	<b>12.094</b>	<b>9.502</b>	<b>27,3%</b>
Einstaklingar	1.182.513	941.135	25,6%	12.094	9.502	27,3%
<b>Sérstakur eignarskattur</b>	<b>730.255</b>	<b>579.959</b>	<b>25,9%</b>	<b>35.097</b>	<b>28.832</b>	<b>21,7%</b>
Einstaklingar	307.125	209.437	46,6%	28.415	22.660	25,4%
Lögaðilar	423.130	370.522	14,2%	6.682	6.172	8,3%
<b>Fjármagnstekjuskattur</b>	<b>3.689.571</b>	<b>1.550.119</b>	<b>138,0%</b>	<b>75.375</b>	<b>77.295</b>	<b>-2,5%</b>
Einstaklingar	2.529.133	1.509.795	67,5%	75.288	77.252	-2,5%
Lögaðilar	1.160.438	40.324	-	87	43	102,3%
<b>Tryggingagjald í staðgreiðslu</b>	<b>17.816.615</b>	<b>16.104.541</b>	<b>10,6%</b>	<b>28.041</b>	<b>28.373</b>	<b>-1,2%</b>
Einstaklingar	1.425.828	1.423.219	0,2%	17.952	19.035	-5,7%
Lögaðilar	16.390.787	14.681.322	11,6%	10.089	9.338	8,0%
<b>Tryggingagjald gjaldf. 1. nóv.</b>	<b>38.513</b>	<b>36.325</b>	<b>6,0%</b>	<b>7.921</b>	<b>8.097</b>	<b>-2,2%</b>
Einstaklingar	38.513	36.325	6,0%	7.921	8.097	-2,2%
<b>Slysatrygging v/heimilisstarfa</b>	<b>25.457</b>	<b>31.841</b>	<b>-20,0%</b>	<b>63.647</b>	<b>58.422</b>	<b>8,9%</b>
Einstaklingar	25.457	31.841	-20,0%	63.647	58.422	8,9%
<b>Útsvar</b>	<b>42.956.095</b>	<b>37.875.475</b>	<b>13,4%</b>	<b>210.242</b>	<b>206.440</b>	<b>1,8%</b>
Einstaklingar	42.956.095	37.875.475	13,4%	210.242	206.440	1,8%
<b>Gjald í framkvæmdasjóð aldraðra</b>	<b>580.975</b>	<b>581.699</b>	<b>-0,1%</b>	<b>146.601</b>	<b>139.765</b>	<b>4,9%</b>
Einstaklingar	580.975	581.699	-0,1%	146.601	139.765	4,9%
<b>Búnaðargjald</b>	<b>528.746</b>	<b>391.214</b>	<b>35,2%</b>	<b>3.748</b>	<b>3.703</b>	<b>1,2%</b>
Einstaklingar	422.554	358.416	17,9%	3.555	3.620	-1,8%
Lögaðilar	106.192	32.798	223,8%	193	83	132,5%
<b>Samtals:</b>	<b>126.195.327</b>	<b>110.753.668</b>	<b>13,9%</b>			
<b>Fjöldi á grunnskrá</b>				<b>233.016</b>	<b>227.796</b>	<b>2,3%</b>
Einstaklingar				217.327	213.610	1,7%
Lögaðila				15.689	14.186	10,6%

## Skattaafsláttur og bætur einstaklinga

Barnabætur	3.594.759	3.779.357	-4,9%	38.089	41.391	-8,0%
Afsl. til greiðslu útsvars	4.224.864	4.306.581	-1,9%	83.252	87.560	-4,9%
Afsl. til greiðslu eignarskatts	377.979	321.333	17,6%	9.996	10.022	-0,3%
Afsl. til greiðslu sérst. eignarsk.	20.277	15.861	27,8%	2.554	2.356	8,4%
Afsl. til greiðslu fjármagnst.sk	54.112	50.090	8,0%	10.694	12.041	-11,2%
Vaxtabætur	3.925.645	3.666.032	7,1%	51.564	50.597	1,9%
<b>Samtals til lækkunar:</b>	<b>12.197.636</b>	<b>12.139.254</b>	<b>0,5%</b>			



RSK 13.03